

# Fjöll lífsins.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

9 febrúar 2013.

**„ Sannlega segi ég yður: Hver sem segir við fjall þetta: Lyft þér upp, og steyp þér í hafið, og efar ekki í hjarta sínu, heldur trúir, að svo fari sem hann mælir, honum mun verða að því. „** (Mark 11:23) - segir ritningin. Orðin eru sönn en merkja samt ekki að Esjan, Hamarinn í Hafnarfirði eða Hvannadalshnúkur færast úr stað þótt svo ólíklega vildi til að einhver bæði slíka bæn. Þessi fjöll verða áfram þar sem þau eru. Og hví skildi þau svo sem færast? Ekkert vit er í slíku. Þau eru partur af sköpunarverki Drottins sem mótaði landslagið að eigin vild og spurði engan hvorki um staðsetningu né útlit. Enda fullkomin smíð. Guð veit allt en ég og þú bara sumt.

Ritningaversið á heldur ekki við þetta atriði. Að ryðja um koll fjöllum, eins og Biblían segir, er fjöll sem þú og ég horfum á í anda okkar og finnst ófær yfirferðar. Í anda mannsins á sér ýmislegt stað sem hindrar og dregur kjark úr fólki. Fyrst í andanum en verður svo sýnilegt komist mál lengra og ekki stöðvuð í tæka tíð. Val vinir. Val. Margt hugarvél fólks komst aldrei á framkvæmdarstig og frekara tjóni afstýrt. Meira er um slíkt en mörgum grunar. Sigrarnir eru nefnilega víða þó oft, kannski of oft, sé horft á ósigrana.

Í anda mannsins eiga sér stað margvíslegar glímur. Stundum er stíflan stærri en svo að fólk ráði einsamalt við verkefnið. Þá er gott að tala um þetta við annað fólk og mikilvægt að sá sem við er rætt sé sjálfur trúaður og geti leiðbeint út úr kringumstæðunum með hjálp eigin trúar og þekkingar á Orðinu. Annarskonar leiðbeining í málinu er ekki gagnleg til lengdar þó að svo virðist í svipinn. Munum að verkefnið er af andlegum toga og einnig að Orðið sjálft er andlegt og lifandi sem ver fólk í sér sjálfu. Orðið sem beitt er sem vopn gegn segjum fjallinu sem reis og hindraði trúargöngu mannsins, fær á nýjan leik virkjað trúna sem var orðin glóðin ein og deyjandi af völdum ristastórs fjallsins. Hugurinn getur verið skelfilegur viðureignar og býr til fullt af allskonar sem engin fótur er fyrir. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir þessu og miði ráðgjöfina við fræðslu Orðsins og líti á sem andlega, ekki endilega sýnilega berum augum. Sem hún sjaldnast er. Trúin er merkilegt fyrirbæri og gefur manneskjuna færi á að rýna inn í heim sem vissulega er en er þó ekki. Enda ósýnilegur.

Bænin og trúin gerði að verkum að fjallið lyftist upp og steypist í hafið og gerði brautina færa. Ekki sjálfgefið en gerlegt með hjálp trúarinnar á Drottinn. Að öðrum kosti hefði fjallið áfram verið kyrrt með sínum bindingum og fjötrum fyrir manneskjuna. Hver sem hún svo er. Mikilvægt er að menn átti sig á hvernig hlutirnir í raun og veru eru. Allt sem truflar fólk í Guði líkar honum illa. Og hann gefur leið framhá þessum manngerðu og oft ímynduðu ófærum. Sannleikurinn er að fjallið hreinlega færðist úr stað og umbreytist í litla steinvölu sem fótur auðveldlega sparkar úr veginum. Stærri var það nú ekki er upp var staðið er maðurinn loks vaknaði og komst til sjálfs síns. Svona er og starfar trúin. Enda beintengd honum sem reis upp frá dauðum og settist til hægri handar Föðurnum. Ekki lítið það.

Eins og fram hefur komið þá eru fjöll þessi andleg og mikilvægt að talað sé um þau á þann máta. Einnig er gott að reyna sjálfur hver sé vilji Drottins, hið góða, fagra og fullkomna og er trúnni hjálpleg og líklega meira en flest annað sem við gerum. Munum eitt! Fjallið at tarna er afleiðing vantrúar sem gleymir því sem Kristur sagði um borð í bátinum sem flutti strákanna yfir á hinn bakkann og stormurinn skall á er þeir voru um það bil hálfnaðir og við lesum hér örlítið neðar. Við munum að skelfing greip um sig á meðal þeirra og áttu þeir allt eins von á því að enda ævina þarna út á leginum, líkt og fram kemur í textanum á eftir. Einn úr hópnum var sallarólegur. Jesú, sem svaf í skutnum og vissi sjálfur hvert hann væri að fara. Þeir voru á leið yfir. Ekkert gerðist og mál leystust

með undursamlegum hætti. Skelfingin, angistarhrópin og kjarkleysið sem greip um sig breytti ekki áætlun Jesú. Hún skildi koma fram og líka gerði. Lesum núna téð ritningarvers:

**„ Jesús var í skutnum og svaf á koddum. Þeir vöktu hann og sögðu við hann: Meistari, hirðir þú ekki um, að vér förumst? Hann vaknaði, hastaði á vindinn og sagði við vatnið: Þegi þú, haf hljótt um þig! Þá lögði vindinn og gerði stillilogn. Og hann sagði við þá: Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn enga trú? „ (Mark 4:38-40) – síðustu orðin í textanum er lykill og hvatning sem fær byggt upp traust til hans sem leiðir og er sannorður. Myndin sem við sjáum í viðbrögðum strákanna er mynd af skelfingu og angist. Þeim hraus hugur af ölduganginum og orðnir handvissir um að báturinn næði ekki yfir og fara til Jesú sem svaf hinn rólegast í skutnum og vildu að hann tæki á verkinu með þeim í stað þess að liggja þarna og bara hrjóta. Jesú lét sig ekki vanta og gerði sitt. En þó ekki eins og þeir ætluðust til og hæfi að ausa vatninu fyrir borð með austurtroginu heldur reisti hann sig upp sagði Orð við vind og vatn sem stilltust og hreyfði sig ekki meira. Allavega á meðan þeir voru enn á siglingu. Vatnið lögði og úr því sléttist. Fóðrið til að ýfa upp ölduna var ekki lengur til staðar. Slökkt hafði verið á vindinum. Að þessu urðu þeir vitni og við með þeim eftir lestur frásögunar og erum á okkar hátt einnig vitni. Þó með öðrum hætti sé. Hér kemur trúin að góðum notum og við trúum Orðinu og vitum að Orðið segir sannleikann og að um raunverulegan atburð sé að ræða. Allt svona er afskaplega trúarstyrkjandi og við þurfum næringu sem styrkir og eflir vorra trú. En erum við að sækjast svo mikið í verk og Orð sem næra og efla trúna? Viljum við í raun og veru vita hvernig verkin eru og hvernig við fáum varast þau og unnið á þeim er þau koma upp í formi fjalls sem með tímanum verður ókleyft sökum stærðar? Varla. En hver svari fyrir sig.**

Við sjáum hvað gerðist þarna á vatninu með rísandi öldu sem hvolfdist yfir bát og menn og olli hræðslu og angist. Svo kom lausnin sem fólst í Orðum hans sem sigraði allt óvinnarins veldi og heitir Jesú. Hann starfar með sama hætti í dag. Það sem ég og þú reynum hafa margir bræður okkur og systur einnig reynt og gert á öllum tímum. Ekkert er nýtt undir sólinni. Jesú er hér með sínar lausnir. Í hans augum er ekkert til sem heitir vandi. Aðeins lausnir. Merkileg hugsun. En fjöllin eru samt staðreynd og þau koma upp hjá fólki vegna þess að vantrúin grípur það svo oft. Vantrú er oftast að verki í lífinu en margur hyggur. Gleymum þó ekki hinu að oft er trúin sterk og vonandi oftast en hitt atriðið vantrúin. Vökum því á verðinum og látum eigin huga ekki glepja okkur sýn eins og hann mun reyna vegna holdlegra hugsanna míns og þíns. Andinn er reiðubúinn en holdið veikt, svo við komum aftur á því atriði:

**„ Ég þekki verkin þín og kærleikann, trúna, þjónustuna og þolgæði þitt og veit, að verk þín hin síðari eru meiri en hin fyrri. En það hef ég á móti þér, að þú líður Jessabel, konuna, sem segir sjálfa sig vera spákonu og kennir þjónum mínum og afvegaleiðir þá til að drýgja hór og eta kjöt helgað skurðgoðum. Ég hef gefið henni frest til þess að hún gjöri iðrun, en hún vill ekki gjöra iðrun og láta af hórdómi sínum. „ (Opb 2:19-21) – Gagnlegur lykill sem allir menn sem á annað borð trúa þurfa að vera vakandi fyrir einkum því sem Kristur hefur á móti í voru fari. Kólnandi kærleikur er vísbendingin um margt sem mun fara miður og niður sé ekki tímanna tekið á málum til leiðréttingar. Minni kærleikur eykur möguleikann á andlegu fjalli hugans. Kristur er uppspretta kærleikans. Kærleikur Drottins er gjöf. Með kærleika í hjartanu, ekki sinn eigin, enda vonlaust fyrirbæri, er ekkert rúm fyrir ótta og því síður skelfingu. Kristur vill að við förum vaxandi í akkúrat kærleikanum. Og fjöll sem vilja rísa ná ekki upp í ókleifa hæð og missa vægið hjá fólki og fyrr en ella væri. Kærleikurinn er vopn. Fjallið féll saman eins og sprungnar blöðrur gera.**

Munum að kærleikurinn grípur til varnar og veitir vörn í ólgusjó lífsins. Við sjáum hér hversu gott er fyrir manninn að tileinka sér kærleikann og eiga til mikið af honum. Kærleikur Jesú í mínu hjarta gagnast mér. Sama gildir fyrir þig, kæri vinur. Kærleikurinn fær ekki starfað með neinum eðlilegum hætti nema fyrir trú einstaklingsins. Hún sé ávallt höfð efst í lífinu og hátt skrifuð þar.

Eftir að Drottinn hafði lokið upp munni sínum og talaði út viðeigandi Orð inn í kringumstæðurnar um borð í bátnum, aftur er við komnir til strákana á bátnum, var ekki lengur um neina ógn að ræða af

völdum vinds og vatns og mennirnir horfðu á með eigin augum þegar yfirborðið sléttist og aftur varð þægilegt að sigla á þessu vatni. Þarna urðu strákarnir vitni að stórkostlegu kraftaverki af völdum Orðs úr munni Jesú með Guðlegt vald frá fyrstu tíð. Þessum einstaklingi fylgdu þessir piltar þó eflaust hafi þeir ekki skilið allt sem fram gekk af munni hans né heldur gert sér í öllum tilvikum grein fyrir verkunum sem hann vann né heldur hver hann í raun og veru væri og er á sinn hátt skiljanlegt séð í því ljósi að enn var engin af þeim búin að taka við gjöf Heilags Anda og allur skilningur bundin visku mannsins í eigin mætti sem margir vita, kannski allir, að er takmörkuð en vex út hið óendanlega í trúnni eftir gjöf andans og fræðslunar úr Orði Guðs. Og hverjir eru hans fólk annað en það sem trúir og hefur gert Biblíuna að sinni handbók fyrir lífið. Menn komast ekki í réttan takt við Biblíuna án Heilags Anda og Orðsins. Að tala svona er ekki hroki. Við sjáum ágætt dæmi um þetta í ritningaversinu sem nú verður lesið. Sómamaður á ferð en sneiddur Andanum. Og hann skiptir sköpum. Skoðum versin:

**„ Nikódemus segir við hann: Hvernig getur maður fæðst, þegar hann er orðinn gamall? Skyldi hann geta komist aftur í líf móður sinnar og fæðst? Jesús svaraði: Sannlega, sannlega segi ég þér: Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda. Það sem af holdinu fæðist, er hold, en það sem af andanum fæðist, er andi. „ (Jóh 3:4-6)**

**„ Þá spurði Nikódemus: Hvernig má þetta verða? Jesús svaraði honum: Þú ert lærifaðir í Ísrael og veist ekki þetta? Sannlega, sannlega segi ég þér: Vér tölum um það, sem vér þekkjum, og vitnum um það, sem vér höfum séð, en þér takið ekki á móti vitnisburði vorum. Ef þér trúið eigi, þegar ég ræði við yður jarðnesk efni, hvernig skylduð þér þá trúna, er ég ræði við yður um hin himnesku? „ (Jóh 3:9-12) – Af lestrinum að ráða sjáum við að Nikódemus þessi er í engum samhljómi við Drottinn og botnar hvorki ekki upp né niður í Orðum hans né hvert maðurinn eiginlega sé að fara í tali sínu. Nikódemus var vitur maður. Velgefinn maður. Ekkert vantaði upp á það. Vitur í þá skilningi holdsins, ekki Andans, sem er annað mál. Vitur segir hér. Að öðrum kosti hefði Nikódemus vart getað verið lærifaðir í Ísrael. Það breytir þó ekki hinu að skilningur hans á Orðum Drottins var ekki réttur af þeirri ástæðu að allir menn þarfnast gjöf Heilags Anda til að fá skilið það sem er andlegt og Kristi ætlað. Kemur gáfum fólks ekkert við. Fluggáfaður einstaklingur er jafn illa settur og hver sem er þegar kemur að andlega partinum og vandamálum þeim tengdum. Fjöllin, eins og talað er um þau hér, eru eitt af þessum vandamálum sem leysa þarf andlega. Enda annað svið. Eftir gjöf Andans kemur takturinn sem allir sem vilja geta fengið án eyris og skilningurinn á ýmsu andlegu kemur:**

**„ Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa er ofan að og kemur niður frá föður ljósanna. Hjá honum er engin umbreyting né skuggar, sem koma og fara. „ (Jak 1:17) - Andinn í hjarta mannsins virkjar hið góða og göfuga sem Faðirinn úthellir af sjálfum sér. Hann elskar að úthella gjöfum sínum yfir Andans fyllt fólk. Hefur það enda lært að fara vel með þessar gjafir og að fagna þeim. Hinn vantrúaði leiðir ekki huga sinn að þessum velgjörðum Guðs með sama hætti og trúin og áhöld um hvort hann yfir höfuð taki eftir þeim þó honum berist þær. Sem vel gæti gerst. Guð gefur af þeirri ástæðu að vera góður. Lítum einnig til þess hér að Guð heyrir bænir manns sem sýknt og heilagt leggur hinn vantrúaða fram fyrir sig. Skoðum ritningavers:**

**„ En farísearnir og fræðimenn þeirra vönduðu um við lærisveina hans og sögðu: Hvers vegna etið þér og drekkið með tollheimtumönnum og bersyndugum? Og Jesús svaraði þeim: Ekki þurfa heilbrigðir lækni við, heldur þeir sem sjúkir eru. Ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara til iðrunar. „ (Lúk 5:30-32)**

Að skilja tekur tíma. Gera má ráða fyrir að eftir gjöf Andans og atburðarins í Loftstofunni á Hvítasunnudag hafi skilningur piltanna í bátnum stórum vaxið eftir á og, segjum, því hvað raunverulega gerðist er Jesú hastaði á vatn og vind og allt í kringum þá féll í dúnalogn og breytist úr stormi í blíðu. Og hvað sagði hann við þá með verki sínu: „ Verið óhræddir. Ég hef fulla stjórn á kringumstæðum. „ - Drottin er hinn sami í dag og talar með sama hætti. Kennum við það ekki?

Reikna má með að eftir á, er Andinn hóf að starfa í þeim og var byrjaður að leiðbeina strákunum, bátsverjum, að þá hafi þeir skynjað margt öðruvísi en var á meðan skelfingin greip í þá sínum hjartökum og þeir uppörvast stórlega og getað horft á sjálfan atburðinn um borð í bátnum með öðrum hætti og frá nýju sjónarhorni. Eftir á sáu þeir kannski sjálft kraftaverkið sem þeir í raun voru þátttakendur í. Þeir sáu, þreifufðu á, og upplifðu á eigin skinni lognið sem kom eftir Orðin sem Jesú mælti við vindinn en skildu atvikið máski ekki rétt undir sínu ofurálagi hræðslunnar. Trúað fólk og fyllt Heilögum Anda glímur við sína vantrú og berst við hana upp á jafnvel líf og dauða. Það er í dag sem maðurinn þarfnast leiðsagnar Jesú.

Svo það sé endurtekið þá er Kristur hinn sami. Maðurinn þarf trú í alveg sama mæli og Kristur benti strákunum í bátnum á en var ekki til staðar hjá þeim á þeirri stund. Fjall, hindrun, hvað sem er, skelfir. Trúnni er áfátt til að mæta öllu sem að höndum ber. En trúin er samt til staðar og hefur ekki farið neitt. Það sem gæti hafa gerst er að búið sé að kasta yfir hana tré heyi og hálm og náð að kefja hana. Við sjáum hversu vakan er mikilvæg í öllu þessu ferli og að ýmislegt mætt okkur á kostnað trúarinnar. Sofandi trú fær engan mann varið. Sofandi trú er á meðan hún sefur dauð trú. Allt sem er dautt er gagnslaust og lykta illa með tímanum.

Lífið er annar handleggur. Lífið er glöggt merki um vakandi mann. Lífið segir mér og þér að haldast vakandi á verðinum og vera upp á virkiveggnum með lúður í hönd og blása í hann undireins og ferða óvinarins verður vart. Draumur Satans er að svo hallist á vogarskálina að hans tími renni upp fyrir áras. Fjöllin í eigin huga slæva og svæfa. Mikilvægt er að ráðast gegn þeim er þau vilja rísa og þekkja inn á þau. Öll varðstaða er nauðsýnleg sem ekki ber að skella skollaeyrum við heldur taka alvarlega. Trúin umbreytist því í sitt haldreipi. Vinir! Við þurfum að hlusta. Tímarnir framundan eru víðsjárverðir en öruggir undir vernd og varðveislu Drottins.

Hræðslan kærur vinir býr til fjöll og hræðslan er merkt holdinu og hugsunum holdsins og þiggur þaðan sína næringu. Andinn þekkir Jesú og styrkinn sem hann býr yfir og reynir að beina athygli mannsins að hjálpræði sínu Kristi. Andinn gefur okkur kennsluna um hvernig við útrekum óttann og segir að elskan útreki hann.

Kærleikurinn er afl. Andinn segir í kærleika sínum: „Lestu. Biddu. Taktu þátt í verkum kirkjunnar. Njóttu samfélags trúaðra. Gerðu góð verk fyrir allra augum. Hallmæltu engum. „ Allt eru þetta lykjar sem auka vöxt manna og kvenna. Og fjöllin í lífinu verða færri og staldra skemur við. En fjöllin koma. Þau bíða átekt og nota hvert tækifæri til að skjóta rótum í andanum. Í eðli mannsins, holdi hans, býr ekkert gott og stundum þarf lítið til að skutla mannum yfir í þann part af sjálfum sér sem hold er kallað sem býr til hin hvímléiða fjöll, rísa og vætti. Allt með sama markmiði að draga úr fólki og kveikja vantrú og gerist oft við minnsta hnjask. Enga skíringu aðra er hægt að gefa á þessari andlegu fjallmyndun hjá fólki en vantrúnni. Mikilvægt er að segja fólki sannleikann. Líka um slík mál. Menn Biblíunnar glímdu við sama. Þessu er hægt að víkja sér undan með því að halda sínu í Kristi og læra að bíða rólegur uns veðrinu slotar. Með varnirnar uppi viðhelst mikilvæg trúin og er leiðin sem Kristur gaf. Trúin lifir í hjartanu.

Fjöllin hindra trú okkar í að starfa með eðlilegum hætti. Fjöllin draga úr okkur kjark og áreyta með ýmsum hætti og valda því að við náum ekki að horfa á neitt nema þessi fjöll og rísa sem gnæfa yfir og eru sumpart ógnandi og úfnir. Andleg fjall, risi, ófreskja, eða hvað þetta allt saman heitir, fær trúarbæn lyft upp og feykt um koll. Hér gætu systkini í trúnni lyft Grettistaki með manneskjinni með fjallið inn í sér og beðið með og fyrir henni. Guð heyrir bænir. Menn trú því ennþá? Ekki satt?

Andlegt fjall eru tilkomið vegna ótta manns sem Satan vill notfærir sér og reynir að magna upp og gera svo stórt að fuglinn fljúgandi komist þar ekki yfir, hvað þá manneskjan. Með þessu væri mögulegt að lama fólk. Allt þekkt hjá trúuðum og hægt að finna marga staði í Biblíunni um fólk,

vænstu menn og konur og mikla trúmenn, sem í lentu og dattu út hvort sem var tímabundið eða ástandið varð varanlegt. Skoðum dæmi:

„ **Menn höfðu kveikt eld í miðjum garðinum og sátu við hann, og Pétur settist meðal þeirra. En þarna nokkur sá hann sitja í bjarmanum, hvessti á hann augun og sagði: Þessi maður var líka með honum. Því neitaði hann og sagði: Kona, ég þekki hann ekki.** „ (Lúk 22:55-57) - Hvað annað en ótti fékk Pétur til að mæla með þessum hætti? Mörg okkar þekkjum líka söguna um Esúa, bróðir Jakobs sem síðar fékk nafnið Ísrael, sem fyrir einn baunadisk seldi Jakobi frumburðarétt sinn en gat ekki unnið rétt sinn aftur til baka þó hann reyndi og honum eilíflega glataður. Sama var með Sál konung sem gerði ekki allan vilja Guðs og var settur til hliðar. Maðurinn þarf daglega á trú að halda og að auðsýna auðmýkt. Ægilegt orð. Og hvað segir þetta okkur annað en að margs beri að gæta og að trúin sé fráleitt sjálfgefin né heldur viðhaldist fyrirhafnarlaust og starfi með eðlilegum hætti í hjartanu út í hið óendanlega án þess að neitt sé fyrir haft. Gengur ekki. Biblían segir okkur sannleikan og er okkur sumpart víti til varnaðar með svona sögum eins og hér ofar var lítillega dregið á. Hlustum og látum Orðið verja trúna.

Lífið hefur kennt okkur sitt. Trúin talar ítrekað inn í mál og segir að holdið sé veikt en andinn reiðubúinn. Ókleyfa fjallið er hugrenning komin frá holdinu en ekki Andanum. Heilagur Andi býr í hjarta mannsins og segir ítrekað: „ Biddu bænina þína. Biddu fjallið burt. „ Þetta segir Andinn Heilagi í brjósti mannsins en holdið meðtekur ekki fyrr en það hefur verið yfirtekið og skilið frá og Andinn virkjaður á nýjan leik. Allt til staðar í trúuðu hjarta. Val vinir. Val.

Að minna sig á Jesú í tíma og ótíma og iðka daglega trú sína er málið. Allir sem til þekkja vita um hvað trú snýst. Vita að trú er langhlaup. Vita að trú er ekki bábilja né hégómi. Vita að Biblían er ekki full af Orðum sem enga merkingu hafa. Trúin viðurkennir Biblíuna sem haldreipi og trausta og góða heimild fyrir góðu og farsælu lífi og góð fyrir trúna. Gera sér grein fyrir að Biblían segi sannleikan og útskírir til að mynda fjallið sem Satan reynir að notfæra sér og einnig hvernig fjallið feykist burt af valdi trúarinnar sjálfrar. Segir frá vélabrögðum Satans sem vill með öllum ráðum gera trúna óvirka til að hann sjálfur fái frið og geti haft akurinn, fólkið sem enn hefur ekki eignast trúna og þarf að heyra um Jesú og frelsisverkið á krossinum, útaf fyrir sig án afskipta manna og kvenna Krists sem endalaust koma þangað með fagnaðarerindið, fyrirgefningu syndar og eilíft líf. Allt hjá Satani miðast við að þessi boðskapur þagni, verði að engu og lamist en veit að honum verður ekki kápan úr því klæðinu. Veit að Jesú lifir. En hann er drjúgur og knúin áfram af endalausum hatri og illsku út í allt sem er Guðs og eru sannindi sem ófært er að horfa framhjá. Enda veruleiki sem trúin hefur margsannað fyrir iðkendum sínum.

Hið andlega fjall hefur töluverða burði til að óvirkja fólk í dag sem og á öðrum tímabilum sögunnar. Já vinur/vinkona! Er fjall í þínu lífi hér og nú. Láttu trúan fjarlægja það. Þú þarfnast hjálpar frá hæðum í deginum. Og í dag munu sum fjöll færast úr stað, lyfta sér upp og steypast í hafið. Einhver bað trúarbæn og fann hvernig hlekkir brustu og ok fór af herðum og öxlum og bjó lífinu til frelsi sem búið var að ræna en kom svo aftur af því að „ ókleyft fjallið „ er það ekki lengur heldur horfið. Og hvert? Bara burt og mannum er sama hvar það er. Allt vegna litlu bænarinnar sem beðin var í trú og í gerð í fullvissu um að Drottin heyri bænir og einlægt hrópið: „ Drottinn! Hjálpa þú. „. Að hrópa svona bæn er mikilvægt. Aftur kemur að þætti trúar og trausts á hann sem lifir eilíflega.

Endum samantektina á merkilegum og notadrjúgum lykli:

„ Svo ógurlegt var það, sem fyrir augu bar, að Móse sagði: **Ég er mjög hræddur og skelfdur. Nei, þér eruð komnir til Sionfjalls og borgar Guðs lifanda, hinnar himnesku Jerúsalem, til tugþúsunda engla, til hátíðarsamkomu og safnaðar frumgetinna, sem á himnum eru skráðir, til Guðs, dómara allra, og til anda réttlátra, sem fullkomnir eru orðnir, og til Jesú, meðalgangara nýs sáttmála, og til blóðsins, sem hreinsar og talar kröftuglegar en blóð Abels.** „ (Heb 12:21-24)

Jesú lifir. Amen.

## Flýjum syndina

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

20 febrúar 2013

Eitt er ljóst að á meðan maðurinn lifir í synd vinnur hann verk syndar og getur ekki annað. Eina sem bjargar honum og tekur burt af stað syndarinnar er Jesú Kristur eingetinn Sonur Guðs. Gerist það ekki er í raun og veru sama hvað hann tekur sér fyrir hendur að verk hans, hugsanir og orð verða áfram merkt synd. Ástæðan er ein. Syndin býr í hjarta manneskjunnar svo lengi sem hún lifir utan við náð og miskunn lifandi Guðs. Maðurinn hefur úr engu öðru að móða nema að vinna syndugt verk. Hjartað, uppsprettur lífsins, stjórna huga hans og búa til orðin sem munnurinn mælir. Syndin fóðrar stöðvarnar. Skáld, tónsmíðar, kvikmyndagerð, málalalist eða hvað það nú er sem maðurinn tekur sér fyrir hendur og hefur hæfileika í smyrst allt af andstyggilegri syndinni og segir fólki að óþarfi sé fyrir það að vera neitt að kafa ofan í þetta til að afhjúpa eitt og annað af þeirri ástæðu að eðli mannsins er syndugt og allt sem hann gerir í sinni synd sé það líka og breytist ekki fyrr heldur en Guð kemst að. Eftir það hefur hann allan möguleika á að læra hvað sé synd og getur farið að koma gegn henni og forðast framvegis alla snertingu við þessi óhreinindi. Jesú segir honum í annan stað að elska syndarann. Og hitt. Syndin framleiðir ekki Guðleg verk af þeirri ástæðu að Guð er ekki í syndinni. Hann hins vegar hrifsar manninn þaðan og heitir þá frelsisverk Drottins.

Sé hjartað syndugt verður talandi mannsins og öll verk hans syndug. Engum skildi því undra þótt sumt sem menn syndarinnar geri sé saurugt og fari ekki vel í nokkurn mann. Heimurinn er fullur af verkum manna sem fara illa í þá sem jafnvel breytir karaktereinkennum þeirra og gera þau öðruvísi heldur en skaparinn sjálfur setti í manninn. Munum samt að öll þessi einkenni eru áfram til staðar í einstaklingnum en yfir þeim þykk og þung ábreiða sem hindrar sýnileika þeirra. Guðlegu karaktereinkennin þarf sem sagt að tosa fram til að verða sýnileg. Ekki á færi nokkurs manns að gera. Sér enda Jesú um verkið. Og Guði sé lof fyrir það. Frelsunin opnar Drottinni leið að þessum lokuðu og huldu stöðvum í manneskjunni og til verður karakter sem Drottinn sá alltaf. Syndin sem sagt gerir manninn að annarri sköpun en Guð bjó til án þess þó að fá frýjað hann ábyrgð á eigin lífi og verkum. Syndin breytir fólki.

Manninum var aldrei ætlað að verða reiður og bitur, heiftúðugur og hatursfullur og ganga fram í þessu máski lungað úr ævinni og uppsetandi sig sjálfan. Samt er heimurinn fullur af þessu hatursfulla og heiftúðuga fólki og tærandi upp sitt eigið hjarta. Ömurlegt en staðreynd. Vinnan hjá Jesú byrjar hjá honum er fólkið kemur til baka sem syndin á sínum tíma rændi frá honum. Andlitið og líkamsbyggingin er hin sama frá fæðingu en innvolsið ekki, ef svo má að orði komast. Það er breytt og orðið verra af snertingu hans sem er í eðli sínu illur. Lífið er með örðum orðum allt skrumskælt af synd og verður áfram skrumkælt uns frelsarinn nær að komast að með fagnaðarerindið og fólkið tekur við. Óvinurinn er hér til að stela, slátra og eyða og er beinlínis hlutverk hans á jörðinni hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt að heyra: „**Allir þeir, sem á undan mér komu, eru þjófar og ræningjar, enda hlýddu sauðirnir þeim ekki. Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga. Þjófurinn kemur ekki nema til að stela og slátra og eyða. Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnægð. Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina. Leiguliðinn, sem hvorki er hirðir né sjálfur á sauðina, sér úlfinn koma og yfirgefur sauðina og flýr, og úlfurinn hremmir þá og tvístrar þeim. Enda er hann leiguliði og lætur sér ekki annt um sauðina. Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekkja mig, eins og faðirinn þekkir mig og ég þekki föðurinn. Ég legg líf mitt í sölurnar fyrir sauðina.** „ (Jóh 10:8-15) – Hver sá sem svona talar gerir það ekki nema að hafa það á hreinu hverjum hann sjálfur tilheyri og viti nákvæmlega hvert sitt eigið hlutverk sé. Til þess

eru Orðin of stór og auðvelt að líta á sem hvert annað karlagrobb. Engin manneskju með snefil af sómatilfinningu dytti í hug að láta svona orð út úr sér fara nema vera sjálf eitt hundrað prósent viss um hver hennar bakhjarl sé og allir sem til þekkja vita að er Faðirinn á himnum. Jesús og Faðirinn eru eitt. Þetta kennir Biblían. Mörg svona Orð talaði Jesú sem útilokað er fyrir menn að taka við nema í trú. Í eyrum vantrúarinnar eru þau bara fráleit.

Maðurinn þarf trú. Hún er nauðsýnleg ferlinu. Hafi menn hana ekki í hjarta sínu, í þá ríkum mæli, endast þeir aldrei á þessari göngu dala og hæða, þrauta og tilfinningasveiflna sem hún bíður öllum tilbíðjendum Jesú Krists. Og þeir gefast fljótt upp og snúa sér að ævintýrum. Bara svona er þetta kæru vinir. Engin skemmri skírn er til er kemur að þætti trúar og betra fyrir menn að átta sig á þessum sannleika og áður en að sjálfri reynslustundinni kemur í trúnni sem ýtir svo mörgum útfyrir veginn og ofan í skurðinn af líklega þeirri ástæðu að þeir vildu aldrei hlusta á reynslu manna af trúnni, jafn gagnelgt og það nú er.

Syndin er syndug og leitast við að syndga og líka vill syndga. Syndin kann ekkert annað. Engin sem lifir í synd kemst framhjá þessari staðreynd að syndin syndgar og að festir fólk við sig sem erfitt er að losa sig frá. Syndin er sterkari manningum í eign mætti. Frá hugsun syndarinnar er þetta hugtak komið að allir menn finnist vegir sínir góðir. Maður syndarinnar réttlætir sjálfan sig og sér ekkert rangt við það sem hann framkvæmir. Biblían kemur inn í málið: „ **Manningum þykja allir sínir vegir hreinir, en Drottinn prófar hugarþelið.** „ (Orðsk 16:2) - Drottinn kemur og bendir á ranglætið sem gerandinn aldrei sá og réttlætti sig því, að eigin álit, með sanni. Sá sem vill losna undan valdi og krumlu syndar drífur sig yfir til Jesú sem tekur hann út úr allri þessari yfirflæðandi synd og setur á stað þar sem synd mannsins er fordæmd og honum kennt hvernig forðast megi syndina. Hjá Kristi er hann hvattur til að vera ekki með líf sitt áfram í synd og við hann sagt með skírurum hætti að synd fái ekki þrifist í ranni Drottins og muni verða úthýst þaðan. Sama hver í hlut á. Við iðrandi fólki tekur hann og er í eðli Jesú að gera: „ **Og þegar þeir héldu áfram að spyrja hann, rétti hann sig upp og sagði við þá: Sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana. Og aftur laut hann niður og skrifaði á jörðina. Þegar þeir heyrðu þetta, fóru þeir burt, einn af öðrum, öldungarnir fyrstir. Jesús var einn eftir, og konan stóð í sömu sporum. Hann rétti sig upp og sagði við hana: Kona, hvað varð af þeim? Sakfelldi enginn þig? En hún sagði: Enginn, herra. Jesús mælti: Ég sakfelli þig ekki heldur. Far þú. Syndga ekki framar.** „ (Jóh 8:7-11) – Mögnuð orð. Við sjáum hér að Jesú dæmir ekki konuna sem mennirnir færðu til hans og vildu fá álit hans á verki hennar sem þeir sögðu um að væri sannaður hórdómur. Lögmálið bauð að grýta slíkt fólk. Skoðum þetta: „ **þá skal fara með stúlkuna að húsdrygum föður hennar, og borgarmenn skulu lemja hana grjóti til bana, því að hún hefir framið óhæfuverk í Ísrael, með því að hórast í föðurgarði.** Þannig skalt þú útrýma hinu illa burt frá þér. Ef maður er staðinn að því að liggja hjá konu annars manns, þá skulu þau bæði deyja, maðurinn, sem lá hjá konunni, og konan sjálf. Þannig skalt þú útrýma hinu illa úr Ísrael. „ (5Mós 22:21-22) – Lögmálið talar skíru máli og styður fullkomlega ásakanir manna. Jesús gerir engar athugasemdir en bregst samt við með svolítið öðrum hætti en þeir líklega reiknuðu með sem í raun og veru fengu á sig höggið en ekki hórseka konan sem til að byrja með allt málið snérist um. Svona ver Kristur fólk án þess þó að taka undir synd sem það drýgir. Eins og fram kemur í niðurlagsorðum magnaðs textans. „ **Far þú. Syndga ekki framar** „ og er raunverulega boðskapur frásögunnar til lesenda. Að syndga ekki framar er nokkuð sem trúaður þarf að meðtaka en gerir ekki alltaf og bakar sjálfum sér tjón. Guð er réttlátur Guð: „ **Eins og því Kristur leið líkamlega, svo skuluð þér og herklæðast sama hugarfari. Sá sem hefur liðið líkamlega, er skilinn við synd, hann lifir ekki framar í mannlegum fýsnum, heldur lifir hann tímann, sem eftir er, að vilja Guðs.** „ (1Pét 4:1-2) - Syndin sigrast af glímu mannsins við eigin girndir, fýsnir og holdlegar langannir og er það sem ritningarversíð á við.

Grýting, eins og Gyðingarnir þekktu hana, var dauðadómur og boðuð af Guði sjálfum. Engin lifði grýtingu af og heldur ekki til þess ætlast. Grýting var alvörumál. Kristur, sem kom með nýjan boðskap í anda náðar og fyrirgefningar, dæmir ásakanir manna ekki á nokkurn hátt en segir þó að þeir af þeim sem séu syndlausir skildu fyrstir kasta á hana steini, og skítur með því föstum skotum

beint á þá sjálfa sem hafði áhrif og gerði hópinn niðurlútan, vandræðalegan og hikandi. Stórmannlega gert hjá höfðingja lífsins og honum líkt. Þarna hefði meðvirknin og dómharkan öskrað sig hása: „ Grýtið grýtið. Látið hana finna til tevatnsins. „ Lyktir málsins urðu þær að hefndarþyrstur og ásakandi hópurinn hypjaði sig skömmustulegur burt og urðu steinarnir eftir á jörðinni ónotaðir. Og hver af þeim var svo sem syndlaus? Hver af þeim hafði ekki brotið af sér og komið gegn Lögmálinu með ýmsu sem þeir aðhöfðust og því vitað upp á sig sökina? Já, hver af þeim var syndlaus? Ekki einn einasti í hópnum. Nema vitaskuld Jesú. Gæti okkur í dag ekki verið holt að spyrja okkur slíkrar spurningar til að minna okkur á hver við séum og hvers við þörfnumst að hann heitir Jesú? Og hvað segir ekki ritningin? „ **Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.** „

Enn sjáum við hve sannleikurinn er magnað fyrirbrigði og óskaplegt vopn í munni hjartahreinna. Í munni hjartahreinna gerast kraftaverk í krafti sannleikans. Syndin fær ekki beitt sannleikanum með sama afli og hjarthrein maður gerir. Ástæðan er einföld. Syndin syndgar og margir sjá verk syndarinnar í fari viðkomandi. Í munni slíkra dettur allur sannleikur niður við fætur þess sem talaði og engin á staðnum leggur neitt sérstaklega við eyrun þó viðkomandi mæli og geri snilldarlega vel. Orðin missa marks eins og sagt er um að syndin geri og trúin fullvissar oss um að sé rétt. Syndinni mistekst. Góð verk, hreinleiki, heiðarleiki og aðrar dyggðir sem Guð setur í fólk gera að verkum að þetta samanlagt styður sannleikann og lyftir hátt upp hjá honum eða henni sem tekið hefur upp slíkan lífsmáta. Í já sannleika. Sannleikurinn styður verkin sem sannleikselskandi manneskja vinnur. Þetta sjá margir og líka viðurkenna. Og þeir hlusta þegar slíkir tala. Þarna, hjá þessu fólki, umbreytist sannleikurinn í skætt vopn sem menn, einhverjir að minnsta kosti, lyppast niður undan og fara skömmustulegir og grenjandi frá til afvikins staðar.

Sagan er ekki endilega öll sögð þarna því að margir sem fara skömmustulegir og með höfuðið niður í bringu snúa sér á eftir til sannleikans og verða í fyllingu tímans þarfir menn á akrinum. Sannleikurinn nefnilega eys aldrei í botnalausla tunnu heldur hefur áhrif á líf fólks. Þannig er sannleikurinn og ástæðan fyrir að allt sannkristið fólk elskar að lifa í sannleikanum. Sannleikurinn, þó harður sé á köflum, kemur í ófáum tilvikum róti á fólk sem á seinni stigum kom því til réttis vegar og fékk til að hugsa málið upp á nýtt. Og undrið gerðist. Viðsnúningur með öðrum vinkli á efniviðnum en áður var.

Gerist ekkert hjá fólki sem heyrir sannleikan eiga undirstrikuð ritningarorð við: „ **Gætið yðar því vandlega, líf yðar liggur við því að þér sauð enga mynd á þeim degi, þegar Drottinn talaði við yður hjá Hóreb út úr eldinum, að þér ekki mannsþillið yður á því að búa yður til skurðgoð í mynd einhvers líkneskis, hvort heldur er í líki karls eða konu, í líki einhvers ferfætlings, sem til er á jörðinni, í líki einhvers fleygs fugls, er flýgur í loftinu, í líki einhvers dýrs, sem skriður á jörðinni, eða í líki einhvers fisks, sem til er í vötnunum undir jörðinni, og að þú eigi, þegar þú lyftir augum þínum til himins og sér sólina, tunglið og stjörnurnar, allan himinsins her, látir tælast til þess að falla fram fyrir þeim og dýrka þau. Því að Drottinn Guð þinn hefir skipt þeim meðal allra þjóða undir himninum.** „ (5Mós 4:15-19) - Margs ber að gæta og að mörgu þarf maðurinn að hyggja sem vill standa. Sannleikurinn sé því aflið sem drífur hann áfram og fær til að lifa þannig lífi að vera sér ekki meðvitaður um synd. Myndin sem nefnd er í textanum er um fólk sem vissulega sá en sá þó ekkert við það sem það sá, eins og oft vill verða er Guð er annars vegar og skírngin á öllu þessu trúleysi sem tröllríður svo mörgu. Menn sjá hvergi mynd Guðs þó hún sé viðblasandi hvert sem litið er. Hér má hiklaust benda á verk syndarinnar sem setur hulu fyrir augu manna til að þeir sjái ekki dýrð Guðs.

Í munni skilningsins virkar afl sannleikans vel og Orð hans verða til góðs bæði þeim sem talar og hins sem heyrði. Blessum fylgir lífi slíks fólks og heill. Amen. Sannleikurinn fer víða og er á mörgum stöðum hafin upp til skýjanna í lífi fólks og lífið verður sannleiks leitandi manneskju til heilla. Svona er Jesú. Hann vil að hvaðeina sem sitt fólk geri drífi langt, fari víða og sé umfram allt blessun sem hann sjálfur sér um að auka við. Enda allt í öllu.



Verk manna og ákærur í garð konunnar sem staðin var að hórdómi og við lásunum um hér ofar og tekin úr Guðspjalli var réttmætt í augum Lögmálsins og algerlega morgunntært að studdi þá. Og þótt þeir hefðu grýtt blessuðu konuna að þá voru þeir fyrir það ekki morðingjar. Hreinar línur. Engin verður morðingi af því að taka mann af lífi samkvæmt niðurstöðu réttkjörinna dómsyfirvalda. Er það? Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á þessu sérstaka atriði er málið samt svona vaxið. Í þá lagalegum skilningi og verður ekki numið úr gildi nema með nýrri löggjöf sem bannar dauðadóm en er þó algerlega ógerlegt í tilviki Lögmálsins sem talað er af munn skaparans sjálfs og öll Orð hans áreiðanleg og kominn til að vera.

Tökum eftir einu að Kristur nær til hjartanna á staðnum með orðum sannleikans og vakti þeim sektarkennd og varð til þess að þau labba sneypst frá og skilja konuna eftir hjá Jesú sem dæmdi hana ekki heldur en sagði henni lærdómsríka lexíu. Þessa: „**Syndga ekki frammar.** „ Sannleikurinn er aflið sem flengdi karlanna og fékk þá til að beina spjótunum inn á við í stað verksins sem konan var sek um. Orð Drottins urðu til þess að vægja konunni. Og til þess kom Jesú að vægja fólki og sýna af sér hógværð miskunnsemi og var styrkur hans í þessu öllu saman

Sannleikurinn um eigið líf, eigið hitt og þetta sem stangaðist á við Lögmálið, snerti mennina með sín grjóti í höndunum og sakfeldi. Kristur kom af stað róti hjá þeim sem traudla hefði gerst væru þeir sjálfir jafn sannfærðir um eigið ágæti eins og halda mætti og birtist í sjálfri handtöku konunnar. Svona er sannleikurinn líka. Hann kemur upp um margt í eigin fari og fær okkur til að kippast við og horfa flóttalega til beggja átta og verða niðurlútir: „**Er því ekki þannig farið: Ef þú gjörir rétt, þá getur þú verið upplitsdjarfur, en ef þú gjörir ekki rétt, þá liggur syndin við dyrnar og hefir hug á þér, en þú átt að drottna yfir henni?** „ (1Mós 4:7)

Kannski voru mennirnir í hópnum ekki hórkarlar og héldu allir friðhelgi hjónasængurinnar og virtu í hvívetna og höfðu gert frá fyrstu tíð. Kannski heiðruðu þeir föður sinn og móður en höfðu þrátt fyrir að virða þessi tilteknu ákvæði borið ljúgvitni gegn náunga sínum og urðu við það sekir við öll hin ákvæði Lögmálsins upp úr og niður úr sem þeir þó ætluðu að nota til að deyða konuna með. Kristur mætir þessu með einstökum hætti: „**Sá yðar sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana.** „ Og mennirnir urði heimaskítsmát og skömmuðust sín.

Höfundur trúir því að Kristur hafi sagt það sem hann sagði við þessa æstu menn af þekkingu. Enda kominn til mannheima til að uppfylla Lögmálið og gefa fólkinu mildari leið sem fær sé um að skila því alla leið til ríkis Guðs á himnum. Allir menn vita að eftirfylgni við Krist er fráleitt þrautalaus ganga en breytir ekki þeirri staðreynd að Orð Krists sé sannleikur: „**Meðan hann var í Jerúsalem á páskahátíðinni, fóru margir að trúa á nafn hans, því þeir sáu þau tákni, sem hann gjörði. En Jesús gaf þeim ekki trúnað sinn, því hann þekkti alla. Hann þurfti þess ekki, að neinn bæri öðrum manni vitni; hann vissi sjálfur, hvað í manni býr.** „ (Jóh 2:23-25) – Hér sést vel að Kristur fari ekki í neitt manngreinarálit er hann til að mynda setur menn og konur í embætti hjá sér í kirkju sinni. Kristur nefnilega veit hvað býr í hjartanu og betur en menn sjálfir fá gert. Hann fær aðeins notað trú sem starfar í auðmýkt og hefur lært gildi hlýðinnar við einkum Orð sitt. Temjumst framvegis við góð verk sem lyfta upp nafninu sem er æðra öllum öðrum nöfnum sem mannum er gefið.

Verk Drottins og Orðið, blönduð saman við trú vora, er gott verk og segir mér að engin okkar hafi lengur afsökun til að láta ekki gagnlegt af okkur leiða. Öndvert við Lögmálið þá tekur boðskapur Drottins á öllum brestum mannsins og leysir hvers manns vanda í trú. Tölum því út fagnaðarerindið. Þeir dagar koma, og í þá styttest, að fólk verði þakklátt hverjum þeim sem flytur því mikilvægu skilaboðin frá háseti Guðs er það finnur á sér sjálfu hvernig hlekkir slitna og fjötrar losna og bindingar hverfa og það sjálft ekki lengur fast í klóm reiði, haturs, biturleika, svartnættis og öðru sem svo margir burðast með og losna ekki frá fyrr en áhrifa Orðsins fer að gæta í hjarta einstaklinganna. Aftur sjáum við að eina sem dugir í baráttunni við hold og hugsanir holdsins er dagleg trúariðkun þar sem Jesú er lofaður og hátt upp hafin í eigin lífi.

Án trúar leitar ekki nokkur maður á náðir lifandi Guðs því að hver sá sem þangað fer þarf fyrst að trúa að Guð sé til. Munum þó að trúin er nær mönnum en þeir oft á tíðum sjálfir hyggja. Hvað er það annað en af trú sem maður, hver sem er, fær skyndilega löngun í sitt hjarta til að biðja, segjum, Faðir vor, og hve margir hafa ekki beðið þessarar bænar einir með sjálfum sér þegar hjartað er angrað og gerir manningnum erfitt fyrir. Þetta þekkja allir menn. Enda sjálfir bara hold og blóð. Aflið sem knýr þetta fólk að þessum Orðum ritningarinnar „Faðir vor, þú sem ert á himnum...“, og svo framvegis, gerist af snertingunni frá hæðum. Engu öðru. Syndin alltént ýtir mönnum ekki að Biblíunni. Því geta menn gleymt. Þá væri hún heldur ekki synd: „**Fyrir því hefur þú, maður, sem dæmir, hver sem þú ert, enga afsökun. Um leið og þú dæmir annan, dæmir þú sjálfan þig, því að þú, sem dæmir, fremur hið sama. Vér vitum, að dómur Guðs er sannarlega yfir þeim er slíkt fremja. En hugsar þú það, maður, þú sem dæmir þá er slíkt fremja og gjörir sjálfur hið sama, að þú fáir umflúið dóm Guðs? Eða lítilsvirðir þú ríkdóm gæsku hans og umburðarlyndis og langlyndis? Veist þú ekki, að gæska Guðs vill leiða þig til iðrunar? „ (Róm 2:1-4) – Hér lesum við ekki beint uppbyggilega lesningu skoðað með augum fólks sem hefur sett sig sjálft í sæti dómarsins og sér endalaust flísina í auga náungans en neitar tilvist bjálkans í eigin auga en kemst svo að raun um að vinna sömu verk og hinir. Hverskonar réttlæti frambær hatur og hve mörgum hefur það að endingu ekki komið á bak við lás og slá, í þá orðanna fyllstu merkingu? Bræður og systur! Vinir! Breytumst og tökum háttskipti hugarfarsins.**

Í upphafi samantektarinnar lásu við um dómhörku hóps sem vildi grýta hórseka konu enn fóru sjálfir sneypdir brott og lamdir af sannleikanum um sig sjálfa. Öll höfum við verið á þessum stað og förum þangað oft en við sjálf stundum viðurkennum eða vildum. Dómarinn víki því sæti í eitt skipti fyrir öll og gæskan og miskunnsemin taki hans stað í vorum hjörtum. Góð leið til að byggja upp friðsamt samfélag. Munum að syndin syndgar og þjónar herra sínum. Allt sem maðurinn gerir í synd býr öll í honum sem rændi völdum og Biblían segir um að sé illur. Ódámurinn gefur syndinni og syndaranum sína næringu í hjarta mannsins. Ekkert gott getur komið frá illsku. Er einhver sá til, sem þessi orð les, máski þeirrar skoðunar? Varla. „**Af ávöxtum þeirra skuluð þér því þekkja þá.** „ (Matt 7:20) - Góð og gagnleg lokaorð. Amen.

## Fortíðin er það sem var.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

„**Betri er endir máls en upphaf, betri er þolinmóður maður en þóttafullur. Ver þú eigi fljótur til að láta þér gremjast, því að gremja hvílir í brjósti heimskra manna. Seg ekki: Hvernig stendur á því, að hinir fyrri dagar voru betri en þessir? Því að eigi er það af skynsemi, að þú spyr um það. Speki er eins góð og óðal, og ávinningur fyrir þá sem sólina líta. Því að spekin veitir forsælu eins og silfrið veitir forsælu, en yfirburðir þekkingarinnar eru þeir, að spekin heldur lífinu í þeim sem hana á. Skoða þú verk Guðs. Hver getur gjört það beint, er hann hefir gjört bogið? „ (Préd 7:8-13) - Í upphafi textans segir Predikarinn að endir máls sé betri en upphaf og geta allir hugsandi menn tekið undir þau. Auðvelt er að starta málum og hefja ferli sem ekki er endilega svo vel úthugað. Þetta er auðvelt. Öllu erfiðara er að klára og ljúka sama ferli og færa á nýjan leik yfir á stað sem hægt er að kalla heilbrigðan og eðlilegan. Með öðrum orðum þá er auðvelt að hefja vitleysuna en öllu þyngra að takast á við afleiðingar hennar og losna alveg frá henni. Er ekki nokkuð til í þessu og höfum við ekki séð svona farsa og jafnvel sjálf verið þátttakendur í honum með einum og örum hætti? Sumir gætu jáknað þessu.**

„**Betri er endir máls en upphaf** „ - segir predikarinn. 1933 komst til valda í Þýskalandi maður að nafni Adolf Hitler. Í september 1939 hófst síðari heimstyrjöldin er herir invaldsins hertóku Pólland. Í sex ár, kannski lengur, undirbjó Hitler síðari heimstyrjöldina. Tæpum sex árum eftir upphafið í Póllandi lauk síðari heimstyrjöld. En hún kostaði sitt og það sem blasti við voru rústir margra borga

Evrópu og framundan gríðarlegt uppbyggingarstarf sem aldrei hefði þurft að leggja í kostnað við en gerðist samt. Menn vissu ekki hvað þeir gjörðu. Eða er ekki svo?

Margir menn, ekki allir, mikilvægt að það komi fram, trúðu því að það sem væri að gerast í Þýskalandi nasismans myndi fljótt lognast útaf, eyðast og að engu verða. Vissulega sáu margir margt en of margir of seint. Skelfingin sem stríðið olli braust út á meðal Þjóðverja sjálfra af fullum þunga eftir ósigurinn. Þá voru fáir til sem vildu tilheyra " Herrarþjóðinni. " Ekki verra fólk en það sem gerðist. Heimska mannanna vinir er ekkert grín.

Lengi benti Chursill, síðar forsætisráðherra Breta, á þessa ógn sem af nasistum stafaði en talaði framanaf fyrir daufum eyrum. Blasti enda önnur mynd við í þessu ágæta landi og birtist umheiminum í miklum hraðbrautum, nægri atvinnu og uppgangi. Allt fyrir erlend lán. Tveir kostir voru í stöðunni. Gjaldþrot eða stríð. Þetta var staðan.

Var erfitt verk fyrir Hitler að undirbúa og hefja sitt stríð? Ekki svo mjög. Fæstir landa hans vildu stríð en með því að samþiggja verk mannsins sögðu þeir já við stríði sem frá fyrsta degi Hitlers við völd var í þápunum. Undirbúningurinn var honum ekki svo mikið mál. Enda kominn með alræði og engin segir nei við því. Svo byrjaði þetta blóðuga ball sem tók bandamenn hátt í sex ár að stöðva. Að stöðva styrjöldina varð sem sagt að stórmáli en ekki það að hefja stríðið. Hégómlegi hugsunar háttur fólks er oft dýru verði keypt.

Fram að september 1939 var Hitler fús að gera friðarsamkomulag við sum nágrannaríki sín til að vinna sjálfum sér tíma. Fræg er ferð Neville Chamberlain Forsætisráðherra Breta til einræðisherrans og plaggið sem hann flutti þjóð sinni eftir fundinn sem reyndist marklaust.

Vinir! Hitler átti ekki í erfiðleikum með að fara í sitt stríð. Spyrja má hvort ráð hans hafi verið eitthvað annað en heimskulegt? Stórgáfaður maður, ekki vantaði það og á vissan hátt snjall en samt heimskur eins og Biblían skilgreinir þetta orð heimska. Vinnan lá ekki nema að litlu leiti í að hefja stríðið en öll í hinu atriðinu, að koma aftur á friði sem reyndist afskaplega dýru verði keyptur og best sést í þessum fimmtíu milljónum mannlífa sem glötuðust en samt gjaldið fyrir friðinn.

Hart? Já. En sannleikur málsins. Mannshjartað er snúið fyrirbrigði. Enn er verið að efna til ófriðar og viðahalda ófriði.

Á „ D-Degi „ - átt við innrásardag bandamanna í Normandí í Frakklandi 6. júní 1944 - sigldu **370.000** bandarískir, breskir og kanadískir hermenn og sjóliðar á **5.300** skipum og hófu aðgerðina sem í veraldarsögunni er þekkt undir nafninu „ D dagurinn. „ Á aðeins einum lendingarstað af fimm mætti innrásarliðið alvarlegri mótspyrnu. Stríð á nýjum vígstöðvum hófst og um leið upphafið að endalokum Þýskalands nasista.

Hve margir af þessum ungu mönnum, allmargir af hermönnum sem þátt tóku í D-deginum voru undir tvítugu, enduðu ævi sína í fjörunni þar sem mótspyrnan var hörðust og fórnað, já, fórnað, fyrir friðinn sem heimsbyggðin öll beið eftir? Ófriður er dýru verði keyptur og hefur engu skilað inn í lífið nema mæðu. Í ófriði felast engin verðmæti öndvert við friðinn sem í leynast hin ýmsu gullkorn.

Hvort ætli mönnum hafi fundist betra upphafið- eða endir heimstyrjaldarinnar hinnar síðari? Liggur ekki svarið fyrir og sjáum við það ekki í fagnaðarlátunum sem brutust út á götunum er þjóðunum var tilkynnt um það að Þjóðverjar væru sigraðir og friður kominn á í Evrópu. Kvikmyndir þess tíma sýna glöggt þessi ósviknu fagnaðarlæti fólksins sem var búið að fá nóg? - **Vertu vitur, sonur minn, og gleð hjarta mitt, svo að ég geti svarað þeim orði, sem smána mig. Vitur maður sér ógæfuna og felur sig, en einfeldningarnir halda áfram og fá að kenna á því. „ (Orðsk 27:11-12) – Hve oft á blaðsíðum sínum hampar Biblían ekki visku og hyggindum en kemur upp með aðvarandi orð um**

heimsku og einfeltn. Það sem átt er við er að gera það sem rétt er. Með þeim hætti verða menn Guði velþóknanlegir sem út af fyrir sig er víska.

Hvað vill þetta kenna okkur? Jú. Hegðum okkur vel í deginum og gætum orða okkar og verka til að ekki þyrlist upp ryk sem engin þörf er á að fari neitt á hreyfingu. Og hvað segir ekki Kristur: „ **Vertu skjóttur til sátta við andstæðing þinn, meðan þú ert enn á vegi með honum, til þess að hann selji þig ekki dómáranum í hendur og dómari þjónum og þér verði varpað í fangelsi.** „ (Matt 5:25) – Spyrja má sig sjálfan hvort til sé sá maður sem þetta les sem ekki veit að betra sé að ganga í átt að friðnum til að forða sjálfum sér frá frekari vandræðum? En er þetta gert? Sumir já fara inn á þessa braut er þeir sjá að í óefni stefnir en aðrir ekki og fá að kenna á því. Þannig bara er það mál vaxið af þeirri ástæðu einni að vera vist lögmál sem menn annaðhvort beygja sig undir eða gera ekki en breytir ekki niðurstöðunni að er svipa á heimskulega breytni fólks. Enda óumbreytanlegt lögmál. Heimska! Hví velja menn hana?

Höldum ögn áfram að kryfja Predikarann og skoðum næst þetta vers: „ **Ver þú eigi fljóttur til að láta þér gremjast, því að gremja hvílir í brjósti heimskra manna.** „ – Að vera gramur einhverju talar Predikarinn um að tilheyri heimskum einstaklingi. Aftur skal á það bent að tal Biblíunnar um heimsku er ekki tengt gáfum fólks á neinn hátt fremur lífstíl, hvernig maðurinn talar, hegðar sér og framkvæmir í lífinu.

Allir vita að ekki er allt sem gert er neitt sérlega viturlegt þó fluggáfað fólk eigi í hlut. Samt er verkið heimskulegt. Til að mynda rangt staðsett í segjum umhverfinu, að dæmi sé tekið. Allir sjá að heimska tengist á engan hátt gáfum og að allir geti bæði breytt hyggilega og heimskulega.

Predikarinn nefnir gremjuna og segir hana tilheyra heimskum manni. Hve margir glíma ekki við gremju og losna ekki við sína gremju. Að gremja sjálfan sig vegna einhvers sem, segjum, aðrir menn geri en snertir þá ekki beinlínis og í mesta lagi óbeint, hvað er það annað en heimska? Heimurinn er fullur af svona þenkjandi einstaklingum sem láta sogast með af gjörðum annarra manna og búa sjálfum sér til gremju til þess eins að verða heimskir í skilningi Orðsins. Hvað vit er í slíku? Þetta, og auðvitað ýmislegt annað, er það sem átt er við með orðinu heimska í Biblíunni:

**„ Seg ekki: Hvernig stendur á því, að hinir fyrri dagar voru betri en þessir? Því að eigi er það af skynsemi, að þú spyr um það. „** – Hve margt fólk er ekki akkúrat á þessum stað í dag að það horfir endalaust um öxl saknandi hins góða sem var, eins og engin sé framtíðin sem Guð sjálfur segir um að sé til heilla. Er þetta ekki bara heimskuleg afstaða? Guð vill lækna fólk af heimsku og opna augun og skilningarvit fólks til að það sjái, heyri og skynji verk Guðs með hjartanu.

Guð býr í deginum. Þennan höfum við heyrt áður? Og sagði Guð ekki sjálfur er Móses spurði hann hvern hann ætti að kynna sem sendi sig. „Ég er „ - voru skilaboðin frá almættinu sem Móses var gert að flytja fólkinu og nafnið á Guði sem Móses fékk persónulega til sín. Móses var einn er hann sá runnann loga en þó ekki brenna, eins og greint er frá á einum stað í Mósesbókunum.

**„ Seg ekki: Hvernig stendur á því, að hinir fyrri dagar voru betri en þessir? Því að eigi er það af skynsemi, að þú spyr um það. „** – segir hér:

„ Þeir gömlu góðu tímar þegar amma var ung og afi lék sér við hvern sinn fingur og lífið á sama hátt við okkur og hló sérhvern dag sem við vöknudum inn í. Annað en núna mitt í mæðunni og bölinu sem umkringir okkur og lætur okkur líða eins og glæpamönnum og mönnunum sem mistekst allt og engin gagnsemi er í neinu sem gert sé. „ - Eru hugsanir okkar ekki stundum í þessum farvegi að undanskildu orðinu „ glæpamönnum „ sem fæstir nota auðvitað en er hér skotið inn í af ástæðu sem höfundur veit ekki um en Guð þekkir og lætur því standa áfram. Er sannleikurinn ekki sá kærú vinir að við horfum oft, kannski of oft, um öxl á alla velmegunina sem var án þess að fást til að horfa þá alla leið úr því að við á annað borð erum að gá yfir öxlina á okkur og rifja þá líka upp stundirnar sem

samskonar ásigkomulag var á okkur og við í dimmunni, eins og kannski í dag. Voru ekki dagarnir í þann tíð oft merktir myrkri líkt og nú? Jú það voru þeir og engin munur á. Munurinn þá og nú er að fjarlægðinni hefur tekist að fegra hina gömlu, góðu daga og fríska þá upp. Raunveruleikin er annar.

Rétt er það að vissulega voru góðir tímar þá en þó samanvið hina sem voru dekkri og nokkuð sem menn vilja gleyma og ástæðan fyrir að Predikarinn nefnir þennan sérstaka þátt og ekki á neinn jákvæðan hátt. Það sem raunverulega gerist er að liðin ár skilja frá allt sem er dimmt og dökkt og bar birtuna til minningabankans. Nú eða hún fór hina leiðina og setti birtuna út og skildi hörmungarnar og allt saman það eftir til varðveislu í minningabankanum. Þessa þætti erum við mikið að sjá um þessar mundir beintengdum fortíð fólks og birtast í dómsölunum og kærunum sem lögreglan fær upp í hendurnar til úrvinnslu. Sjá má að fortíðarvandinn blasir víða við.

Verum raunsæ er kemur að eigin fortíð en höfum þó hugfast að þrátt fyrir raunsæi getum við auðvitað skundað frama og til baka í tímanum. Raunsæið hins vegar hindrar alla vitleysu og viskan dregur hið rétta fram sem gerðist í fortíðinni en ekki bara birtuna, hlátranna, milljón brandarana sem sagðir voru af hópi skemmtilegra sem ekki virðast vera með í spilinu í dag og er auðvitað rangt og bara enn ein blekkingin sem menn vilja beita sig sjálfa í málinu til að fortíðin viðhaldi sínum blekkjandi glæsileika. Glæsileikinn býr í deginum og heitir Jesú. Okkar er að koma auga á hann.

Kæru vinir fátt hefur breyst. Hið gamla er farið og kemur ekki aftur. Ekki heldur þó að við rebumst við að tosa það til okkar til að stíga inn í það sem eitt sinn var. Fljótt munum við komast að raun um að allt er orðið breytt og fátt í sama farvegi og áður. Svona, vinir, er bara lífið. Og hver breytir lífinu annar en mín eigin viðbrögð við þessu og hinu ástandinu? Það sem mér í annan stað er boðið er að spila með lífinu eins og það blasir við mér í dag. Og segir ekki Kristur í Guðsspjöllum þessi Orð: „ **Hverjum degi nægir sín þjáning.** „ -

Raunsæi mitt hefur kennt mér og sýnt að margt í gamla daga var merkt dimmu og margt líka ljósi og fegurð og að allt sé þetta enn í kringum mig en spurningin hin sama. „Hvoru aflinu vill ég tilheyra í núinu? „ - Svona gerir raunsæ manneskja og um hana segir Orðið að sé viska. Menn læri visku.

Viljum við vera vitrar manneskjur eða heimskar? Ekki er nóg að tilheyra. Við verðum sjálf að vera.

Skoðum fleiri áhugaverð ritningavers betur í sjöunda kafla Predikarans: „ **Skóða þú verk Guðs. Hver getur gjört það beint, er hann hefir gjört bogið?** „ – Hvað er Predikarinn að segja okkur? Jú! Hafi Guð talað þá getur engin maður né afl í heiminum breytt Orðum hans. Þau munu koma fram á settum tíma. Lífið hins vegar er bara eins og það er og merkt bæði góðu og vondu í fortíð og nútíð og ætti ekki að vera undrunarefni nokkurs manns. Það kom inn synd sem maðurinn er ekki gerður til að hvorki búa við né heldur þola og gerir heldur ekki. Maðurinn getur ekki þolað synd til langframa. Eitthvað í honum sjálfum mun að endingu breyta. Annað er óhjákvæmilegt. Allt sem við sjáum í verkum heimsins, heimurinn er merktur vondum verkum, segir mér að stafi af synd sem greip manninn og veltir á undan sér og notar og að lokum eyðir. Afleiðingar syndar eru allstaðar í umhverfi okkur. Eða er það ekki annars sannleikurinn sjálfur? Ég í það minnsta trú því að maðurinn sé ekki gerður til að þola alla þessa synd sem hann er í né heldur geti losnað frá henni nema ganga undir verndarvæg Jesú Krists.

Vissuleg áttum við okkar glæsitið í gamla daga og allt saman það. Skárri væri það nú. En er sannleikurinn ekki sá að glæsitiðin er ennþá viðloðandi líf okkar? Jú, alveg eins og áður. Ekkert hefur breyst nema ef vera skildi vor eigin afstaða til mála er vonbrigðin urðu á vegi sumra okkar og oftar hlutskipti fólksins er allt sem það taldi sjálfsagt og eðlilegt hrundi fyrir augum þess og menn og konur sem stólað var á stóðu ekki lengur undir væntingum og hröpuðu og sumir af okkur með? Eina sem getur breyst er mín og þín afstaða til veruleikans. Henni getum við breytt og þurfum oft að gera vegna þess að leyfum við breytingunni að koma framkallar hún sjálf mikilvæg hugarfarsumskiptin.

Manninum er það nauðsýnlegt að spila með lífinu og vita að lífið fer sinn veg og heldur áfram í þá átt sem því ber. Og hvað er lífið? Er það ekki Jesús?

Málið er að rétt eins og í gamla daga get ég spilað úr kringumstæðum sem við blasa eins og ég sjálfur vill. En hvernig eru útspilin mín? Hvaða spil á hendi set ég fram? Hundanna eða þau sem ég tel árangurríkust til vinnings? Er það ekki spilið sem mögulega leiðir mig fram til sigurs sem ég legg á borðið og til góðs árangurs? Þannig hugsar alvöru spilamaður.

En eru það örugglega bestu spilin á hendi sem við leggjum fram á stund þrenginga? Þetta gera sumir já en þó ekki nærri allir. Sumir eru svo forstokkaðir í sinni fýlu að þeir leggja alls engin spil fram og útiloka með því sig sjálfa frá að hreppa minnsta vinning og velja að láta bara reka á reiðanum eða fara hina leiðina og breytast þá í heimskingja með óviturri ráðagerð sinni og aðgerðum. Erum við ekki á stað sannleikans í svona tali? Er það ekki á þessum stað sem helst opnast leið að hinu gamla og góða sem eitt sinn var og allan glæsileikann sem þá lék um okkur og er blekkingin stóra? Og var þessi glæsileiki svo mikill er öll kurl komast til grafar? Um það má efast. Dagurinn í dag bíður okkur nefnilega líka að hirða sigursveg og að leggjast á koddann sátta og sæl að amstri dagsins loknu. Glæsileikinn í lífinu hefur ekkert farið. En ég þarf að koma á hann auga.

Eina sem fortíðin fær gefið eru minningar og reynsla sem við gætum nýtt okkur í deginum en ekki upplifað á nýjan leik með beinum hætti. Fortíðin kemur aldrei til baka og gæti heldur ekki þó hún sjálf vildi. Fortíðin er ekki lifandi veruleiki þó hún lifi með glæsibrag í voru hugskoti. Hugur manns kveikir ekki raunverulegt líf. Og sumt, kæru vinir, gengur sér einfaldlega til húðar. Og hvað segir ekki Guð: „ **Sjá. Ég hef nýtt fyrir stafni.** „

Að eiga sér minningar og geyma í eigin minningabanka er mannum edlilegt. Allir menn upplifa margt slæmt og margt gott. Til er fólk sem borið hefur gæfa til að leggja með skynsemi inn á sinn reikning góðu stundirnar í sínu lífi sem alveg sama hvað hver segir gengu með vondu upplifuninni. Þannig bara er þetta að góð tímabil ganga líka með mannum og Guð grípur með eigin hendi inn í kringumstæður og talar sjálfur um það sérstaka atriði hér örlítið neðar og sannar berlega að vera yfir og allt um kring.

Meira að segja fólkið, blessaðir Gyðingarnir, sem nasistar smöluðu saman í hernumdu ríkjum og fluttu inn í Gettóin hér og þar í Evrópu og lifði þar við sult og seyru og dó umvörpum úr hungri eða var myrt með byssukúlum hermananna eða vegna barsmíða og limlestinga fangavardanna, að þetta fólk lifði stund þar sem hláturinn réð ríkjum þó erfitt sé að gera sér grein fyrir slíku né heldur meðtaka neitt svona búandi við svo ömurlegar aðstæður eins þessu fólki var boðið upp á. Þetta fólk gerði stundum grín að kvölurum sínum og nefndi ýmsum nöfnum sem það gat skemmt sér yfir eitt eða í fámennum hópi fanga. Þó gera megi ráð fyrir að slíkar stundir hafi verið fáar en samt til staðar fyrir einhvern, einhverstaðar, einhvertímann.

Svona bara er lífið að maðurinn á allstaðar, hvar sem hann er og hvernig sem háttar til hjá honum, líka sínar ánægjustundir. Hefði hann þær ekki, aldrei, mitt í eyndinni og volæðinu lifði engin maður slíkar aðstæður af. Engin manneskja.

Vitað er að sumir Gyðingar lifðu af dauðabúðirnar og sögðu heiminum söguna sem tók andköf þó margt sé gleymt í dag og er annað mál. Guð sér sjálfur um að maðurinn eignist hið góða meðfram hinu vondu og opinberar vitaskuld mátt sinn og megin í málinu að sé fyrst og fremst góður Guð sem elskar. Þegar svona er talað eins og hér er gert og bent á algóðan Guð koma svo margar þversagnir fram sem menn sjálfir taka ekki sem Guðlega hönd né vilja. En maður er eitt, Guð sem betur fer annað. Guð er með heildaráætlunina með líf eins og sérhvers og gerir hvort sem menn skilji sínar aðstæður eða ekki. Og ekkert öðruvísi. Skoðum nú ritningaversin sem nefnd voru hér ofar:

**„ Já, svo segir hinn hái og háleiti, hann sem ríkir eilíflega og heitir Heilagur: Ég bý á háum og helgum stað, en einnig hjá þeim, sem hafa sundurkraminn og auðmjúkan anda, til þess að lífga anda hinna lítillátu og til þess að lífga hjörtu hinna sundurkröndu. Því að ég þreyti ekki deilur eilíflega og reiðist ekki ævinlega, ella mundi andi mannsins vanmegnast fyrir mér og sálirnar, sem ég hefi skapað. „ (Jes 57:15-16) – Hér eru sögð merkileg Orð. Þó að hörmungartíminn sé enn ekki liðin kemur Guð samt að málinu og blæs lífi í glæður og til verður annað andrúm þó ekki sé nema um skamma hríð. Hvað er Guð að segja meira með þessu? Þetta: „ Elskuðu börn. Þessu líkur. Hörmungarnar enda. Ég er ekki búin að sleppa af ykkur hendinni. „ – Í Orðunum hjá Jesaja kemur skírt fram að Guð verður, hann viðurkennir sjálfur að hann verði að létta byrðunum af manneskjunni og gerir í því skjóli að án síns atbeina geti andi mannsins ekki lifað af. Gildir ekki bara um Gyðinga og veru þeirra í dauðabúðunum heldur almennt í lífinu. Hver manneskja verður að bera sína byrði og ganga inn á milli í gegnum djúpa og dimma dali og þola örvæntingu sem daprar allan þrótt. Svo kom Guð með sína lífgefandi hönd og með henni birtan. Þetta er lífgefandi þó þrautirnar haldi áfram skömmu síðar. Svona bara er gangan með Jesú vaxin. Að skilja sínar aðstæður er ekki alltaf á mannsins valdi að gera. Þess vegna líka þarf hann trú. Dauð trú gerir ekki vilja Guðs. Enda dauð. Átt þú til dauða trú? Guð vill lífga hana við.**

Hvað gerist þegar Drottinn mætir hvort heldur sem er í litlum eða stórum mannsöfnuði. Eitt. Líf kviknar. Andrúmið lifnaði við af lífinu sem kom með Drottni. Þess vegna er það fullyrt hér að meðfram afli hörmunganna gangi annað afl sem kveikir líf í hjörtum fólks hvort sem er reglulega eða óreglulega en hefur samt með sér líf og vonarneista. Ritningaversið í Jesaja fræðir okkur um akkúrat þetta atriði. Snerting Guðs er í raun og veru bending til hins hrjáða um að úr muni leysast og að hann hafi ekki yfirgefið manninn.

Höldum áfram í trúna og lifum í deginum og treystum Guði fyrir verkum okkar, trú okkar, fólki okkar, fjölskyldu okkar og hann mun vel fyrir sjá. Amen.

## **Guð vill manninum vel**

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

**" Á maðurinn að pretta Guð, úr því að þér prettið mig? Þér spyrjið: Í hverju höfum vér prettað þig? Í tíund og fórnargjöfum. Mikil bölvun hvílir yfir yður, af því að þér prettið mig, öll þjóðin. Færið alla tíundina í forðabúrið til þess að fæðsla sé til í húsi mínu, og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegri blessun. Og ég mun hasta á átvarginn fyrir yður, til þess að hann spilli ekki fyrir yður gróðri jarðarinnar og víntréð á akrinum verði yður ekki ávaxtarlaust segir Drottinn allsherjar. Þá munu allar þjóðir telja yður sæla, því að þér munuð vera dýrindisland segir Drottinn allsherjar. " (Mal 3:8-12)**

Guð er, eins og við kennum, góður Guð sem engum vill neitt nema vel. Guð getur ekki og vill heldur ekki bregðast. En stundum bregst maður. En maður er ekki Guð. Guði sé lof fyrir að skilin þarna séu alveg skír. Gott er fyrir manninn að gera sér grein fyrir þessum sannleika og muna eftir Jesú á sínum erfiðu dögum sem alltaf koma með reglulegu millibili. Svona bara er lífið og lítið við þessu að gera nema að læra að bregðast rétt við áreitinu og þrauka og þola og best er gert með stöðugu bænalífi. Hér má nefnilega fullyrða að trúin komi sterk inn í aðstæðurnar og að ekkert afl í gervöllu lífinu sé manninum öflugra trúnni. Brýnt er að trúin fái starfað eðlileg í hverri manneskju sem hún alfarið og ein ber ábyrgð á.

Kristnum mönnum er vel kunnugt um ódáminn sem varpað var niður á jörðina og þá búið að umskapa hann og fylla með illsku og breyta í sitt hlaupa- og flóttadýr sem arkar friðlaust fram og til baka á jörðinni og gerandi ljótt alla daga. Lúsifer veit að engin von er til fyrir sig og því eina í

stöðunni hvað hann varðar er óttaleg biðin eftir dómi og hið eina fyrir hann í farvatninu sem óvini sköpunar Guðs. Ekki fylkja þér í þann flokk. Maðurinn hefur von svo lengi sem hann dregur andann. Á hverjum tíma getur hans núíð sér til frelsarans sem tekur hann inn í sitt hús. Kristur er alltaf besti kosturinn fyrir einstaklinginn. Skoðum ritningarvers:

**" Nú bar svo til einn dag, að synir Guðs komu til þess að ganga fyrir Drottin, og kom Satan og meðal þeirra. Mælti þá Drottinn til Satans: Hvaðan kemur þú? Og Satan svaraði Drottni og sagði: Eg hefi verið að reika um jörðina og arka fram og aftur um hana. " (Job 2:1-2) - Búið er að varpa Lúsifer úr búðum Drottins á himnum og koma fyrir á jarðkúlunni sem við búum á og réðum reyndar engu um né völdum sjálf hvort við kæmum eða ekki. Satan hins vegar var hér er fyrstu manneskjurnar voru skapaðar. Illskan kom því á undan fyrsta manningnum. Þetta er staðan hjá Satani að honum sjálfum er engin friður búin. Og hjá slíkum er ekki gott í efni og ófriðurinn hið eina sem bíður. Ekki vera í þessum flokki. Velji menn það eru þeir komnir á sama stað með ófriðinn allt í kring og lentir í sjálfskaparviti. Lífið er manningnum val.**

Jesú sjálfur var staddur á himninum er þessi einkennilega og lítt grundaða uppreisn Lúsifers gerðist og vitni að dómsuppkvaðningu Föðurins yfir honum er hann var dæmdur til vistar í Helju og varpað út settur hér þar sem ég og þú erum en Guð náðarsamlega tók okkur burt úr og færði inn í ríki sitt. Þessi tvö ríki ganga saman hér en eru samt afskaplega ólík að allri gerð og aðskilin meðskírur hætti í augum Guðs þó aðskilnaður þessi vefjist fyrir mörgum manningnum. En maður er ekki Guð. Víst er um það.

Að Jesú hafi verið viðstaddur dómsuppkvaðningu Lúsifers og því vitað um afdrif kauða og hvað væri í gangi er hægt að rökstyðja og segja að Jesú er áður en nokkuð sem til varð kom. Merkilig hugsun en það sem Biblían segir. Til að trúa þessu þarf trú. Sé trúin ekki til staðar í manningnum eru svona orð fyrir honum hrein þvæla. Vel skiljanleg afstaða í ljósi aðstæðna mannsins sem enn lifir utan við kærleika Krists og án rétttrar þekkingar á honum og mikilleika hans. Skoðum dæmi:

**" Í samkunduhúsinu var maður nokkur, er haldinn var óhreinum, illum anda. Hann æpti hárrí röddu: Æ, hvað vilt þú oss, Jesús frá Nasaret? Ert þú kominn að tortíma oss? Ég veit, hver þú ert, hinn heilagi Guðs. Jesús hastaði þá á hann og mælti: Þegi þú, og far út af honum. En illi andinn slengdi honum fram fyrir þá og fór út af honum, en varð honum ekki að meini. Felmtri sló á alla, og sögðu þeir hver við annan: Hvaða orð er þetta? Með valdi og krafti skipar hann óhreinum öndum, og þeir fara. " (Lúk 4:33-36) - Hér kemur vel fram hvernig í málum liggur sem staðfestir að Jesú var til staðar er grúanum var steipt af himni og honum umbrett í þessa illu anda sem trúin ein á Son Guðs fær haldið í skefjum og unnið á og látið fólk vita um með sanni að séu til. Sem er manningnum atriði. Við sjáum líka hvernig Jesú afgreiðir orð illa andans og segir honum hreinlega að þegja. Ekki er það vilji Guðs að illir andar láti fólk vita hver hann sé. Enda verk manna sem Jesú áður hefur dregið yfir línuna til lífsins og við köllum trúboða sem allir hafa köllun í samhliða öðrum stöðum í kirkjunni. Andinn sem rekin var burt er fordæmdur og vonlaus og fer að endingu sína leið ásamt höfðingja sínum Satani sem hann fylgdi í einkennilegri uppreisn sinni á himnum. Svona talar og fræðir Guðs Orð í til að mynda Esekíel- handritinu. Þetta segir að mannfólkið þurfi líka að gæta sín og gera átrúnað sinn réttan og fylgja sannleikanum til að fá hafnað öllum gylliboðum sem oft glóir á og virðast vonarík og nóg er til af en enda í tómu tjóni og erfitt að finna réttu göturnar á nýjan leik. Og spurningin verður áfram sú sama. Hverjum við viljum fylgja? Hvernig viljum við að ávöxturinn sé í uppskerunni? Og hvernig getur ávöxtur sprottið upp af öðru en útsæðinu sem sett var ofan í moldina? Já, vinir! Hverjum fylgjum við? Eruð þið viss um að vilja enda á staðnum sem aðilinn endar á sem þið völduð að fara með og látið leiðast af? Ekki er víst að svo sé. Gáum vel að okkur. Jesú er öruggur vegur en margt annað í boði:**

**" Allt þetta kom yfir þá sem fyrirboði, og það er ritað til viðvörunar oss, sem endir aldanna er kominn yfir. Sá, er hyggst standa, gæti því vel að sér, að hann falli ekki. Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistingu. Guð er trúur og lætur ekki freista yðar um megn fram, heldur mun**



**hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáið staðist. Fyrir því, mínir elskuðu, flýið skurðgoðadýrkunina. " (1Kor 10:11-14) - Í textanum kemur ágætlega fram þetta val sem við alla daga búum við og af Guði gefið. Enga beina skipun er hér að finna aðeins kennsla um að gera það sem rétt er. En þó sagt berum orðum hvað til þurfi vilji menn að sigurgangan haldi ótraud áfram. Sem sagt! Gæta sín á að falla ekki og bent þessu til stuðnings á skurðgoðadýrkunina, sem þá fallhættu, sem við vitum að getur verið margvísleg og ekki alltaf bundið úttálguðaðri fígúru með lokuð augu. Orð ritningartextans eru skír og verða ekki misskilið.**

Hver nema trúin hnippir í fólk er viljinn, löngunin og máski freistingin vill fara með það í suður en Guð hafði áður sagt því að vera kyrrt á sínum stað og bíðandi og væntandi áfram góðra hluta?

Enn kemur staðfesting til okkar með skírum hætti um forréttindi kristinna manna sem taka trúna alvarlega og eru heilsteyptir persónuleikar andspænis frelsara sínum og lausnara og elskandi allt sem er hans. Þó að við séum forréttindafólk í Kristi er sannleikurinn samt sá að oft erum við gleyminn á hvað við eigum. Og af því að svo er þá gleyma menn þessu svo oft og bregðast á engan hátt við er menn koma og minna á þessi sannindi. Með sjálfum okkur finnst okkur við ekki vera þessi hópur þó kannski hjartað staðfesti tal mannanna. Viðbrögð mín og þín í málinu breytir samt ekki staðreyndum að forréttindahópur erum við sem Jesú sjálfur hefur gefið forréttindin.

Allir, hve einasti kristinn maður, upplifir á eigin skinni hvers virði trúin sé og hvað í trúnni búi er þeir sjálfir fara að nota trú sína sjálfum sér til gagns og á stund erfiðleikanna. En þar kemur trúin að hvað mestum notum. Kristur þráir fátt meira en að fá að verða vitni að trú sem beitt er rétt og unnið með til góðs vitandi sem er að þannig vinnist raunverulegur sigur sem Jesú steðjar inn í og afgreiðir sínu fólk í hag og líka verður að gera samkvæmt loforðum sínum í Orðinu sem sjálft talar um vernd og sigursælan lýð undir sinni handleiðslu. Kristinn trúaður maður er tryggður á bak og brjóst. Drottinn hreinlega er skuldbundinn oss. Þessi fullvissa gefur okkur enn eina undirstrikunina á mikilvægi þess að vinna rétt og eins og Orðið segir til um. Engin skemmri skír er til sem Drottinn samþiggir og heldur engin hjáleid sem er jafngild því sem hann hefur áður boðað. Skárri væri það nú. Menn hafa enga aðra leið heldur en Orðið sem svo trúin vill staðfesta með hverju og einu okkar. Já vinir, hverju og einu. Trúin er einstaklingsbundin.

Núna má segja að við séum kominn á staðinn sem sýnir okkur svart á hvítu að trú á Jesú fái umbreytt í gríðarlega afl sem ekkert fær staðist né heldur stöðvað á þessari jörð. Menn læri því og fái vilja til að vinna alla hluti rétt og að lúta stjórn hans sem kom og sigraði allt veldi Satans í eitt skipti fyrir öll. Að vilji uppskera sigur og vera fús til að framkvæma allan vilja Jesú er sætt umhugsunarefni og ætti að vera sérstakt keppikefli allra sem Jesú tilheyrja.

Sumt fólk með Heilagann Anda í hjarta sínu hefur raunverulega aldrei gengið með Jesú né heldur verið á sama stað og hann í sínu privatlífi, að dæmi sé tekið. Sorglegt.

Svo vel raunverulega bjó Jesú um alla hnúta áður en hann yfirgaf verk sitt hér á jörðinni að hvaðeina sem maðurinn þarf á að halda til að fá sigrað óvin sinn (ekki átt fólk. Fólk er ekki óvinurinn) sem vill henda yfir það netadræsum sínum til að veiða það í nær ekki takmarki og geigar. Munum! Jesú er búin að sigra. Hvaðeina sem óvinurinn reynir hvort sem er seint eða snemma geigar af þeirri einu ástæðu að Jesús er meiri heldur en Lúsifer. Flóknara en þetta er málið nú ekki. Valdið er allt á hendi Drottins og vald sitt yfirfærir hann ekki á eitt né neitt. Hreinar línur. Lúsifer er ekki gefið neitt vald í sjálfu sér en hefur stundum áhrif, sem er annað mál. Þar reynir skelmirinn við veikleika mannsins og honum líkt að fara þá leið. Enda versta gunga. Holdið er veikt en andinn reiðubúinn. Mikill sannleikur hér á ferð. „ - Já, elskuðu vinir! Svo máttug eru Orðin sem hann skildi eftir hjá okkur og Andinn Heilagi sér um að magna upp í okkur.

Einu megum við ekki gleyma að allt snýst þetta á endanum um fódraða og nærða trú af Orðinu. Trúin, samblönduð þessu, og skilningi mannsins, er og hefur alltaf verið skilyrðið fyrir þessum krafti

trúarinnar: „ Fyrir trú gengu þeir gegnum Rauðahafið sem um þurrt land, og er Egyptar freistuðu þess, drukknuðu þeir. Fyrir trú hrundu múrar Jeríkóborgar, er menn höfðu gengið í kringum þá í sjö daga. Fyrir trú var það, að skækjan Rahab fórst ekki ásamt hinum óhlýðnu, þar sem hún hafði tekið vinsamlega móti njósnarmönnunum. Hvað á ég að orðlengja frammar um þetta? Mig mundi skorta tíma, ef ég færi að segja frá Gídeon, Barak, Samson og Jeftha, og af Davíð, Samúel og spámönnunum. Fyrir trú unnu þeir sigur á konungsríkjum, iðkuðu réttlæti, öðluðust fyrirheit. Þeir byrgðu gin ljóna. „ (Heb 11:29-33) – Hér sáum við merkilegt innlegg um þátt trúarinnar og hvað fólkíð fékk gert í krafti hennar, mætti og mikileik. Það er fyrir trú, einstaklingsbundna trú, sem menn læknast af veikindum. Trú sem maðurinn orðið veit að býr í hjarta sínu.

Trú sem maður, hver sem er, trúir ekki að sé svo öflug í sér sjálfum verður að, af slíkri afstöðu, veikri trú og ófærri um að gera neitt, þannig séð, sem við tölum um sem kraftaverk og margir endalaust eru að biðja um. Og mega vel gera. Í eigin trú á Krist liggur krafturinn sem Kristi er svo umhugað um að sitt fólk meðtaki og eignist og stígi fram í.

Holdið er gagnslaust er kemur að hinu andlega og þess sem er Krists. Í holdinu byrjum við að efast, tala niður okkar eigin trú sem gerir Krist ekki svo stóran augum vorum og minni en efni standa til. Jesú hefur gefið hverjum og einum ýmsan skilning á Orði sínu og er annað orð yfir Guðlega opinberun sem andinn gleðst yfir mikilli gleði en neikvætt holdið segir „ Iss og piss við „ og „ Ekkert í þetta varið. „ Svona er holdið. Það er fylugjarnt og vill ekkert með Krist hafa. Og Kristur dó heldur ekki fyrir holdið. Var það nokkuð? Og til hvers skildi hann deyja fyrir það í því ljósi að holdið verði eftir þegar maðurinn hefur skilað tíma sínum? Kennir ekki lífið okkur lexíuna um að líkami mannsins, hulstrið mitt og þitt, umbreytist í mold? Jesú dó fyrir það sem gerir mig að mér og þig að þér og það sem hann sækist í raun og veru eftir: **Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Væri ekki svo, hefði ég þá sagt yður, að ég færi burt að búa yður stað? Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér. ” (Jóh. 14:1-4) - Hann segir mig þekkið veginn. En er það svo er öll kurl komast til grafar? „ Guð gefðu að rétt sé á hverjum degi lífs míns. Þetta er spurning sem holt er að spyrja sig „,**

Við sjáum að andinn sem að baki býr hjá fólkum sem berst eins og berserkur og beitir afli gegn Kristi og kirkju er andkristins andi sem við vitum að vill ekki neitt með kristilegt starf hafa. Enda eigingjarn. Margir alltént sjá hversu varhugavert slíkt framferði er og enn betur þegar þessu fólkum verður það ljóst að hvert og eitt okkar þarf að horfast í augu við eigin dauða og eftir það taka út sinn dóm. Sumir reyndar vita ekki um dóminn né heldur trúa því að þeir eigi eftir að mæta dómara sem er réttlátur og dæmir eftir verkum og vali hvers og eins og engu bætt við og heldur ekkert dregið frá. Vita ekki um, nú eða trúa því ekki, að kristnir menn gangi framhjá þessum dómstóli og séu sýknaðir af öllum ákæruliðum fyrir blóð Jesú Krists og eigin trú. Svona lagað vita í annan stað kristnir menn en vilja samt ekki standa saman í barátunni sem menn ættu þó að vera uppteknir við af þeirri ástæðu að vera gestir á þessari jörð og fyrir vikið um borð í sama bát í lífinu. Allt þetta fólk veit að sérhver manneskja þarf að segja já við Jesú. Veit líka að blóðið hreinsar manninn af allri synd. Samt velur sumt fólk að koma gegn. Og annað sem þarft er að minnast á. Svona framkoma " trúaðra " gæti orðið til þess að syndarinn, sem Jesú dó fyrir, missi af sínu hjálpræðisverki. Hugarfar slíkra verður að breytast bara Krists vegna sem á það skilið af sínu fólkum að það taki stöðu sína og skipi sér í raðirnar með hinum sem reiðubúnir eru og þrá að sjá frelsisverkið gerast sem víðast og verk Jesú umvefja kirkjuna og samfélagið til að allt fái vaxið og dafnað eins og lög gera ráð fyrir. Jesú sé því án undantekninga við stjórnvölinn og menn gangi með honum í gegnum sitt líf sem er svo stutt en margir sólunda og fara illa með.

Að boða trú og þreytast ekki eru bestu lífsgæði sem nokkrum manni hlotnast. Vanblessun fylgir verkum fólks sem beitir kröftum sínum gegn verki Krists. En hver hafi þetta eins og hann sjálfur vill

en dómurinn er staðreynd og hann kemur og tekur á öllu sem ranglega er gert. Trúin ein gengur sigri hrósandi frá þeim stað. Mér vitanlega hefur þetta ekkert breyst. Verum skynsamir manneskjur.

## Jónas elskulegur

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Þegar Guð vildi senda Jónas til Níníve með boðskap þverskallaðist hann við boðuninni og vildi flýja til Tarsis og gerði heiðarlega tilraun til að komast frá Guði á skipi. Skipið sem Jónas flúði í leysti landfestar og hélt til hafs áleiðis til Tarsis. Eftir nokkra siglingu hreppti skipið fárviðri og leit út um stund að það færirist. Skipverjar tóku þá til ráðs að biðja hver til síns guðs, bendir til að menn hafi bara trúað á það sem þeim sjálfum datt í hug og kallað guð, vel þekkt fram á vorrann dag, en ekki Jónas blessaður sem þó þekkti einn sannan Guð en svaf rólegur um borð þótt skipið léti illa á sjónum og steypri stömpum. Hann gerði ekkert með bænina sem heiðingjarnir þó rembdust við að gera og báðu til „einhvers. „. En hver er þessi „einhver? „. Engin. Hann er ekki til og bara blekking. Sumir trúa á falsguði.

Örvænting grípur um sig á meðal áhafnarinnar sem sáu fram á margt vont hjá sér héldi áfram sem horfði og grípa til bænarinnar hver með sínu nefi, líkt og áður segir. Fara svo böndin að berast að honum sem svaf rólegur í iðrum skipsins. Skipverjar fara til hans og spyrja spurninga og komast að raun um að óveðrið sé af hans völdum og vegna óhlýðni hans við vilja Guðs. Kominn er upp einkennileg staða um borð og spurning um hvernig bregðast skuli við. Allir um borð voru undir þessum einkennilegu aðstæðum, ef svo má að orði kveða og allir raunverulega á sama báti og öllum hætta búin af veðurhamnum. Jónas kom með þá uppástungu að eina ráðið fyrir þá væri að fleygja honum í sjóinn. Sem var gert. Einkennileg lausn og einkennileg framkvæmd mannskapsins en það sem Biblían segir að hafi átt sér stað. Skoðum ritningavers:

„ Skipverjar urðu hræddir og hét hver á sinn guð. Og þeir köstuðu reiða skipsins í sjóinn til þess að létta á skipinu. En Jónas hafði gengið ofan í neðsta rúm í skipinu, lá þar og svaf vært. Þá gekk stýrimaður til hans og sagði við hann: Hvað kemur til, að þú sefur? Statt upp og ákalla guð þinn. Vera má að sá guð minnst vor, svo að vér förumst eigi. Nú sögðu skipverjar hver við annan: Komið, vér skulum kasta hlutum, svo að vér fáum að vita, hverjum það er að kenna, að þessi ógæfa er yfir oss komin. Þeir köstuðu síðan hlutum, og kom upp hlutur Jónasar. Þá sögðu þeir við hann: Seg oss, hver er atvinna þín og hvaðan kemur þú? Hvert er föðurland þitt og hvernir þjóðar ertu? Hann sagði við þá: Ég er Hebrei og dýrka Drottin, Guð himinsins, þann er gjört hefir hafið og þurrlendið. Þá urðu mennirnir mjög óttaslegnir og sögðu við hann: Hvað hefir þú gjört! Mennirnir vissu sem sé, að hann var að flýja burt frá augliti Drottins, því að hann hafði sagt þeim frá því. Því næst sögðu þeir við hann: Hvað eigum vér að gjöra við þig, til þess að hafið kyrrist fyrir oss? Því að sjórinn æstist æ meir og meir. Þá sagði hann við þá: Takið mig og kastið mér í sjóinn, mun þá hafið kyrrt verða fyrir yður, því að ég veit, að fyrir mína skuld er þessi mikli stormur yfir yður kominn. „ (Jónas 1:5-12) – Jónas var fleygt í hafið til að deyja Drottni sínum. Ekkert annað er sjáanlegt í stöðunni. Harkalegt. En svona talar Biblían. Við nánari skoðun er vel hægt að komast að þeirri niðurstöðu, varðandi Jónas greyið, að svolítinn lífsleiða megi sjá hjá honum á þessu andartaki og að hann hafi séð ákveðna lausn fyrir sig sjálfan að láta kallanna bara henda sér fyrir borð og ljúka þar með lífi sínu. Að hann skildi sjálfur leggja til þessa lausn sem lausn inn í málið er viss vísbending um lífsleiða mannsins. Ekki verður annað sagt er hér er komið sögu. Samvikubitið vinir getur verið skætt vopn á okkur. Guð hins vegar hafði annað í hyggju með Jónas elskulegan.

Jónas er sem sagt á harða hlaupum undan Guði sem neitar að sleppa honum við að fara til ægilegrar Níníve-borgar. Margt bendir til þess að hún hafi á vissan hátt verið ógn hjá mönnum sem til þekktu vegna þá verkanna sem þar voru unnin. Níníve virðist ekki hafa haft neitt gott orð á sér á tímum

Jónasar. Kannski var Níníve glæpaborg sem margt ógurlegt gerðist í. Hvernig sem því máli var háttað að þá er samt ljóst að og synd íbúanna er orðin risavaxin í augum Drottins sem ekki vill lengur sleppa henni óhengdri en ætlar fyrst að gefa íbúunum færi á að iðrast og ganga sér á hönd með boðskapnum sem hann ætlaði Jónasi að færa þeim. (Höfundur skilst reyndar að dómur hafi síðar gengið yfir þessa sömu borg en þekkir þá sögu ekki alla.) Í Þetta skipti var henni vægt. Lesum við áfram komumst við að því hví borginni var miskunnað þrátt fyrir fjallháa synd.

Hér sjáum við tvennskona myndir. Önnur er um það að þótt Guð sé almáttugur og geti gert allt án stuðnings nokkurs aðila vill hann samt nota fólk og gera fólk að munni fyrir sig, fótum og höndum og að sinni framréttu hönd. Svona bara vinnur Guð.

Hin myndin sem sagan dregur upp hrindir svolítið úr vegi útskýringum manna sem halda því fram að ef menn geri ekki það sem Guð biðji þá um grípi hann næsta fúsa einstakling og setji hann í verkið. Það alltént virðist ekki hafa verið raunin með Jónas sem Guð eltist við út um allar trissur og nær loksins ofan í fúlum hvalsmaga þar sem magagleypum mannum gefst gott tóm til að endurmeta stöðu sína og komast að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að líklega sé rétt af sér að gera vilja Guðs. Kannski sjáum við þriðju myndina í þessu öllu saman um það hve menn ganga oft langt í stífni sinni við Guð og leggja mikið erfiði á sig til að sleppa frá blessuðum vilja Guðs og fara eigin leiðir. Furðu oft ráðast menn á sína eigin blessun og baka sjálfum sér tjón. Hver skilur mannhjartað?

Kallaðir menn og útvaldir sleppa ekki. Guð vill og ætlar að blessa. Blessunin liggur í að gera vilja Guðs og hætta allri stífni, sem engin blessun er í. Munum líka að við biðjum Guð um að blessa okkur sem hann er til í en getur ekki gert nema á sínum eigin forsendum. Enda sjálfur blessunin. Mannsins, allra manna, er að taka við blessuninni úr hans eigin hendi. Þannig, kæru vinur, liggur í málinu.

Hlýðni kemur inn í málið. Hlýðni við allt sem er Guðs. Saga Jónasar er í Biblíunni til að menn megi hafa af lærdóm og ástæðan fyrir að við lesum Biblíuna. Hve mörgum mannum hefur sagan um Jónas ekki kennt gagnlega kennslu varðandi undanskot manna frá helst öllu sem er Guðs? Biblían, Gamla og Nýja testamentið, er fyrir okkur til að nota á trúargöngunni sem er framundan öllum trúuðum. Að fara eftir Orði Guðs og læra af sögunum sem bókin skráir er gríðarlegur lærdómur. Þessu munu menn sjálfir komast að af eigin lestri. Biblían er líka til að leiðrétta kenningar og kennslu sem eru ekki réttar, þar sem slíkt á við, en er sem betur fer frekar sjaldgæft í kirkju Krists. Verum óhrædd við að lesa, trúa og treysta Andanum Heilaga sem Guð gefur hverjum og einum til blessunar. Guð er persónulegur Guð og Jesú dó á krossinum fyrir einstaklinginn. Það er hann sem Jesú vill fá inn í ríki sitt á himnum.

En meira um Jónas elskulegan.

Guð vildi að Jónas færi ferð fyrir sig, og með sér, til Níníve til að fræða þessar hundrað og tuttugu þúsund sálir um það sem myndi gerast létu þær ekki af breytni sinni og snéru sér til sín. Vera mætti að þá iðraðist Guð hins illa sem hann ætlaði borginni og breytti kringumstæðum öllum í yfirflæðandi blessun og Níníve að blessaðri borg sem hún greinilega er ekki á þessari stund. Gerðu þeir ekki iðrun myndi refsingin yfir hana ganga. Eignum ekki Guð til reiði. En áður en til þess kæmi fengi Níníve sitt tækifæri til að snúa af sínum vonda vegi gegnum iðrunina. Guð er nefnilega réttlátur Guð sem ekkert er upp á að klaga og meinar það sem hann segir. Sagan um Jónas er afskapleg merkilegt innlegg inn í vort trúarlíf og lýsir okkur, manneskjnum, svo vel.

Við skoðun sögunnar sjáum við að margt hjálpast að við það hjá Jónasi elskulegum að gera hann fráhverfan ferðalaginu til Níníve til að tala út Guðlegan boðskap þar. Munum að ekki þarf alltaf Satan til til að tala úr mannum kjark né heldur fólk í kring, þó að oft sé það svo. Þó að Satan sé illur og vinni illskunnar verk hvenær sem því verður við komið fæst Satan samt ekkert við það þegar hann sér að maðurinn er hvort eð er í eintómum slagsmálum við huga sinn. Hann veit að þá eru hvort eð er allar líkur á því að hann fái sínu framgegn með því að manneskjan tekur málin í eigin hendur. Satan

kann vel að bíða og líka gerir oft. Oft hefur maður séð hann, það er Satan, draga sig í hlé um stundarsakir og koma svo aftur. Enda lúmskur, slóttugur, hættulegur, en ekki snjall. Góðu fréttirnar eru að Satan er sigraður og heitir sigurvegarinn Jesú og er engum kristnum manni lengur ógn.

Spyrja má hvorum það hefði þjónað betur Satani eða lifandi Guði ef Jónas hefði tekist að fela sig fyrir Guði til eilífðarnóns eða að Guð hefði bara alls ekki getað dregið hann til þessarar borgar og komið Guðs Orð til fólksins? Hefði þá iðrun kviknað og viðsnúningur orðið í kjölfarið? Þarf nokkuð að reyna að svara þessum spurningum? Liggur ekki svarið á lausu? Hold manna, hugur þeirra, er eitt fullfært um að koma manningnum úr vilja Guðs og draga jafnvel yfir á óvinasvæðið og gerir oftast en menn sjálfir vita né vilja viðurkenna. Þarna kemur iðrunin manningnum aftur til hjálpar. Í raun og veru er iðrunin eina aflið í lífinu sem fært er um að vekja manningnum af sínum Þyrnirósarsvefni sem gleypir hann án þess að viðkomandi fattaði að búið væri að gleypa sig.

Já vinir. Lífið er fullt leyndardóms og margt gerist sem erfitt er að koma auga á en trúin hjálpar manningnum við. Og þá eru líkur til þess að nauðsýnleg iðrun vakni sem snýr manningnum og hann beini ásjá sinni aftur til upprisins frelsara.

Menn, sem glíma glímu við sjálfið, hold og huga, hamast oft við að reka Satan út í stað þess að snúa þessu við og reka sjálfan sig út og burt úr hásætinu til að hann komist að sem þar á að vera Drottinn Jesú Kristur. Og Jónas slapp ekki. Skipsfjalirnar nægðu ekki til að losa hann við Guð. Og ekki heldur þrátt fyrir að vera kastað í ólguna fyrir utan til að mæta þar örlögum sínum. Eftir skamma stund og fáein sundtök í ólgunni kemur syndandi að honum risastór hvalur (stórfiskur) eins og sagt er í Orðinu, sem glennir upp mikið gin sitt og magagleypir manningnum með húð og hári. Líklegt er að hluti skipverja hafi orðið vitni að áti fisksins. Örskömmu síðar er flóttamaðurinn Jónas lentur í sínum hrikalegustu kringumstæðum. Er máski til sá maður í veröldinni sem telur Jónas hafa reiknað með þessu er hann gerði sín plön um eigið líf að klukkan þetta á þessum degi ársins í hauga brælu á sjó lenti hann útbýrðis af skipi af mannavöldum og þaðan beint ofan í daunillan hvalsmaga með iðandi innfyli hvalsins allt í kringum sig? Um það má stórlega efast. Breytir þó ekki hinu að gott er að gera áætlun með sitt líf og að stefna að einhverju gagnlegu. En sumt bara gerist og er hluti af lífsgöngu fólks.

Hér kemur að mikilvægi þess að treysta Guði fyrir sínu. Guð veit hvernig ævi mannsins lítur út frá vöggju til grafar en maðurinn aðeins augnablikið sem hann nú lifir í. Augljós munur. Maðurinn þarf trú. Í þessu tiltekna atriði höfum við eina mynd til viðbótar hinum sem sagan um Jónas vill draga upp fyrir okkur og er um mátt Guðs og segir með beinum hætti að honum sé engin hlutir um megn og geti stýrt öllu sem hann sjálfur vill og beint í hvaða farveg sem hann ákveður. Skepnurnar, rétt eins og sjálf náttúran, lúta honum. Hið skemmtilega við söguna um Jónas er hve beintengd hún er myndinni af manneskjunni sjálfri, hegðun hennar og mætti Guðs í öllu hennar lífi og þetta endalausa ströggil manns við Guð: „**Þá sendi Drottinn stórfisk til þess að svelgja Jónas. Og Jónas var í kviði fisksins þrjá daga og þrjár nætur.**„ - (Jónas 1:17) – Manningnum er nauðsýnlegt að taka sig frá og ígrunda stöðuna þótt aðstæður Jónasar séu ekki þær heppilegustu sem völ sé á en samt þær sem komu honum á nýjan leik til Guðs og er áhugavert að hugleiða. Hvernig sem menn sjá þetta liggur í aðstæðum Jónasar vissulega blessun þegar upp er staðið. Guð býr manningnum til autt rúm og næði til að skoða stöðuna og taka ákvörðun.

Fátt er Guði verra við en að verða vitni að manni með líf sitt í lausu lofti og ekki vitandi hvað hann vilji né hverjum og hverju skal þjóna og fylgja. Máttur ákvörðunarinnar er leyndardómur sem flytur fjöll og sléttir vegi sem áður voru endalaust til trafala og leiðinda. Þarna fáum við líka að sjá ákveðna blessun og að allt endi vel sé Guð bara með í verkinu frá byrjun. Saga Jónasar endaði vel. Ekki verður nú annað sagt.

Jónas er með fyrirmæli um að fara til Níníve með boðskap en gerðist lafhræddur við verkefni sitt. Allt kunnuglegt. Og hvað sagði ekki Kristur við lærisveinanna í bátum á leiðinni yfir á hinn bakka

vatnsins? Skoðum það: „ Að kvöldi sama dags sagði hann við þá: **Förum yfir um!** Þeir skildu þá við mannfjöldann og tóku hann með sér, þar sem hann var, í bátnum, en aðrir bátar voru með honum. Þá brast á stormhrina mikil, og féllu öldurnar inn í bátinn, svo við lá, að hann fyllti. Jesús var í skutnum og svaf á koddum. Þeir vöktu hann og sögðu við hann: Meistari, hirðir þú ekki um, að vér förumst? Hann vaknaði, hastaði á vindinn og sagði við vatnið: Þegi þú, haf hljótt um þig! Þá lægði vindinn og gerði stillilog. Og hann sagði við þá: Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn enga trú? „ (Mark 4:35-40) – „ Förum yfir um „ - segir Jesús við lærisveinanna. Þau ein og sér áttu að nægja til að gera þá rólega þó eitthvað gerðist á leiðinni sem kæmi þeim á óvart og í opna skjöldu. Orðin gátu komið í veg fyrir alla hræðslu í hópnum en gerðu ekki. Trúnni var áfátt. Ekkert nýtt þar. Virk trú hefði hæglega náð að uppörva þessa menn og hughreysta en gerði ekki vegna þess að til hennar var ekki gripið og djúpt niður á hana í hjörtum þeirra á þessu andartaki til að svo gæti orðið. Já, vinir! Á þessu andartaki. Kannski var hún skömmu áður nokkuð ákveðin en ekki er á þurfti að halda. Og þar skilur á milli feigs og ófeigs. Hvað vill þetta svo kenna okkur? Jú. Trú í deginum og hér og nú er málið og það sem allt ætti að snúast um hjá trúðum. Menn vita nefnilega ekki í hverju þeir lenda. Eða er það ekki svo?

Báðar þessar sögur fjalla á sinn hátt um hið óvænta í lífi manna. Kennslan byrgir brunninn að því leiti til að hún fær þig, eða getur alltént, fengið þig til að bregðast rétt við uppkomnu vandamáli. En til að fræðslan gagnist fólki þarf hún fyrst að vera til staðar í hjartanu. Ekki satt? Finnst mönnum líklegt að lærisveinarnir hefðu gripið til óttans og skelfingarinnar, eins og Kristur verður vitni að í hópnum er þeir koma til að vekja hann, hefði trúin fengið að tala inn í kringumstæðurnar og minna þá á Orð Jesú: „ Förum yfir um? „ Og urðu þeir ekki allir vitni að Orðum Drottins? Jú. Og finnst mönnum líklegt að Jónas elskulegur hafnaði í hvalsmaganum hefði hann hlýtt Drottni og farið í frelsi til Níníve og gert sitt þar? Engar líkur eru til þess. En Guð gerir það sem þarf og ávallt í ákveðnum tilgangi sem oft er tvíþættur. Bæði til að menn skilji betur hver Guð sé og læri að treysta honum og trúa á hann og að skilja sinn eigin vanmátt í erfiðum aðstæðum. Og líkurnar á því að menn breyti eins og var í tilfelli karlanna í bátnum, nú eða Jónasar elskulega, minnka.

Vissulega varð ferðin yfir vatnið að reynslustund fyrir lærisveina Drottins sem þeir áreiðanleg síðar lærðu sína lexíu af og við með þeim í dag af þessum lestri og þælingum um efniviðinn þó að töluvert langur tími sé á milli okkar og þeirra. Biblían lifir og Jesús er hinn sami og persónur bókarinnar lifa ferskir á meðal okkar vegna frásagnanna sem þar má finna. Þá eins og nú er ekkert að óttast sem tilheyrir Kristi.

En meira um Jónas elskulegan.

Ekki ganga jafn langt í þvermóðskunni og Jónas. Málið er að vart verður lengra gengið í stífninni og vitleysunni. Guð hefur nefnilega leiðir með okkur eitt og sérhvert og hefur rist okkur í lófa sinn og segir sjálfur að engin skuli slíta oss úr sinni hendi og líka meinar. „ **Leifar Jakobs meðal heiðingjanna, mitt á meðal margra þjóða, munu vera sem döggr frá Drottni, sem regndropar á grasi, þeir er bíða ekki eftir neinum og vænta ekki neins af mannanna börnum.** „ (Míka 5:7) – Hér er öflugur punktur og hjálplegur öllum sem vilja læra meira og að treysta Drottni Jesú Kristi betur.

Loks gekk Jónas í sig sjálfan eftir að Guð hafði lokað honum öllum leiðum og vegurinn fram á við hið eina sem honum stóð opinn og fær. Sá vegur lá til Níníve. Var ekki blessun Jónasar, til framtíðar litið, í þeirri borg?:

„ Og orð Drottins kom til Jónasar annað sinn, svo hljóðandi: **Legg af stað og far til Níníve, hinnar miklu borgar, og flyt henni þann boðskap, er ég býð þér.** Þá lagði Jónas af stað og fór til Níníve, eins og Drottinn hafði boðið honum. En Níníve var geysimikil borg, þrjár dagleiðir á lengd. Og Jónas hóf göngu sína inn í borgina eina dagleið, prédikaði og sagði: Að fjörutíu dögum liðnum skal Níníve verða í eyði lögð. **En Nínívemenn trúðu Guði og boðuðu föstu og**

**klæddust hærusekk, bæði ungir og gamlir. Og er þetta barst til konungsins í Níníve, þá stóð hann upp úr háseti sínu, lagði af sér skikkju sína, huldi sig hærusekk og settist í ösku. „ (Jónas 3:1-6) – Magnað.**

Hér fáum við enn eina myndina dregna upp fyrir augum okkar og sést í Orðum Guðs að Jónas skuli flytja borginni Orðin sem hann sjálfur bjóði honum að tala. Það er að segja á staðnum. Hver var svo ræðan og hver Orðin sem maðurinn skildi flytja? Hér er merkilegur og fræðandi boðskapur sem gefa þarf gaum og holt að ígrunda. Og hvað merkir hann? Jú, Guð hefur ræðuna tilbúna í sínu eigin hjarta en ekki Jónas að sínu leiti. Honum var það nóg að koma sér á staðin sem ekki gekk alveg þrautalaust fyrir sig eins og við höfum séð ögn af í þessari samantekt. Skilaboðin til Jónasar eru að hann muni fá til sín ræðuna, öll Orðin, í Níníve. Fyrr ekki. Jónas þarf sem sagt að treysta Drottni fyrir sínu. Og með þetta gengur hann inn í borgina og kemur sér fyrir á tilteknum stað og flytur mál sitt: „ **Og Jónas hóf göngu sína inn í borgina eina dagleið, prédikaði og sagði: Að fjörutíu dögum liðnum skal Níníve verða í eyði lögð.** „ - Orðin buna út um munn hans en eru um leið Orð frá Guði og komin beint frá hæðum. Hvort þetta sé öll ræðan sem Jónas flutti Níníve-búum þekkir höfundur ekki. Þau eru alltént kjarni boðskaparins og nógu öflug til að snúa hverju einasta mannsbarni, eitt hundrað og tuttugu þúsund sálum, frá sínum vonða vegi til lifandi Guðs. Allt þetta ströggl Jónasar, fýla hans, þunglyndi og flótti leiddi inn slíka blessun fyrir heila borg, ekki part hennar, að vandfundin er í öðrum ritum Gamla testamentisins.

Merkilegur leyndardómur hér á ferð sem krefur fólk og kallar eftir trú þess. Trúin ein getur sýnt okkur málið með þessum hætti. Vantrúin hristir bara hausinn og skilur ekki svona lagað og er fullkomlega eðlileg viðbrögð vantrúar. Vantrúin breytist yfir í trú eftir að Andi Guðs hefur tekið sér bólfestu í fólki og það fer að fá áhuga á Biblíunni og að vera þar sem aðrir trúaðir koma saman. Góð skipti hjá því að láta kalda vinda heimsins blása um sig dægrin löng.

Eftir kraftverkið á fólkinu tekur ekki betra við hjá Jónasi elskulegum. Hann vill bara deyja og hverfa frá þessu öllu saman eftir að hafa flutt hamfarboðskap frá Guð sem ekki varð af vegna rétttra viðbragða íbúanna sem hann ekki sá: „ **Tak nú, Drottinn, önd mína frá mér, því að mér er betra að deyja en lifa. En Drottinn sagði: Er það rétt gjört af þér að reiðast svo? Því næst fór Jónas út úr borginni og bjóst um fyrir austan borgina. Þar gjörði hann sér laufskála og settist undir hann í forsælunni og beið þess að hann sæi, hvernig borginni reiddi af.** „ (Jónas 4:3-5) Við sjáum að kallinn er í verstu fýlu. HANN, sem flutti fólkinu Orðin um eyðingu borgarinnar. Svo gerist hið öndverða og allir gefast Guði á vald. Ekkert var þessu verra fyrir Jónas elskulegan né heldur stolt hans? Jónasi er hreinlega fyrirmunað að koma auga á dýrðina, á blessunina, á kærleika Guðs, á kraftaverkið sem gerðust í þessum eitthundrað og tuttugu þúsund hjörtum sem, eins Orðið segir sjálft frá, „ Þekktu ekki hægri hönd sína frá þeirri vinstri „, og eru bara önnur orð yfir að vera ráðvilltur, stefnu- og festulaus í lífinu og annað álíka. Slíkt ástand fer ekki vel með nokkra manneskju. Margur hefðu nú glaðst og oft hefur þessi saga blessað okkur sem lesur hana í dag sem og marga aðra á undan okkur. Við fáum nefnilega líka að sjá og skilja kraftaverkið sem gerðist og hvers Guð sé í raun og veru megnugur? Jónas elskulegur kom ekki auga á neitt kraftaverk á þessu andartaki Kannski skynjaði hann málið rétt síðar líkt og stundum er.

En hver er þá blessunin út úr þessu öllu saman í lífi Jónasar elskulegs? Stærsta blessunin er sá sannleikur að saga hans umbreyttist í eitt af ritum Gamla testamentisins og verður partur af heild Biblíunnar og frá upphafi og til vorra tíma verið gríðarlega öflug kennsla sem engin sér eftir að fara í. Jónas lifir ferskur meðal okkar í dag og hefur gert í þúsundir ára. Það eru launin sem þessum manni hlötnaðist að gefa til komandi kynslóða. Jónas var maður eins og ég og þú og glímdi við sinn Guð rétt eins og ég og þú gerum. Lærum af Jónasi og öðrum hetjum Biblíunnar og látum þá vera blessun fyrir vort líf.

# Komu úr vorum hópi

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

Kristur!!! Nafn sem fer hátt upp yfir önnur nöfn. Kristur!!! Nafnið sem menn skildu virða vel fyrir sér og spyrja sig að hvort ekki sé rétt að ganga til liðs við hugsjónina sem Jesú innleiddi í ríki mannanna. Frelsisboðskapinn.

Menn þurfa að vita sannleikann um sig sjálfa. Lífið er meira heldur en margur gerir sér grein fyrir og snýst ekki bara um að vakna á morgnanna, mæta til vinnu sinnar á réttum tíma, borða, rífast svolítið, hata menn og konur og stunda öldurhús og vera undir áhrifum víns og eða fíkniefna. Lífið er dálítið meira heldur en þetta. Lífið er alvörumál sem gæti, væri vilji fyrir hendi, vakið upp spurninguna um hvort ekki sé rétt að huga betur að þessum Kristi sem hefur mátt þola ofsóknir gegn sér frá fyrstu tíð fyrir að gera góðverk á meðal okkar. Er það ekki annars rétt að verið sé að ofsækja frelsarann fyrir góðverk?

Kæru vinir! Kirkjan er Kristur og ofsóknir gegn henni eru ofsóknir gegn honum og kirkjunni saman. Aðskilið getur þetta ekki verið og stenst heldur ekki þannig. Enda eitt og fullkomlega samtengt:

**„ Síðan mun hann segja við þá til vinstri handar: Farið frá mér, bölvadir, í þann eilífa eld, sem búinn er djöflinum og árum hans. Því hungraður var ég, en þér gáfuð mér ekki að eta, þyrstur var ég, en þér gáfuð mér ekki að drekka, gestur var ég, en þér hýstuð mig ekki, nakinn, en þér klædduð mig ekki, ég var sjúkur og í fangelsi, en ekki vitjuðuð þér mín. Þá munu þeir svara: Herra, hvenær sáum vér þig hungraðan eða þyrstan, gestkominn eða nakinn, sjúkan eða í fangelsi, og hjálpuðum þér ekki? Hann mun þá svara þeim: Sannlega segi ég yður: Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér. „ (Matt 25:41-45) – hér kemur glöggt fram á hvern í raun og veru sé verið að ráðist þegar menn koma gegn kirkjunni að hann heitir Jesú.**

Hið einkennilega er að árið 2013 er enn verið að ofsækja Krist og kirkju hans og enn kemur uppreisnin úr vorum eigin hópi. Munum að svona mál snúast aldrei um mann eða menn og einhverja einstaklinga heldur Krist. Skiptir enda manneskja sem slík ekki máli þegar kemur að kirkju Krists og verkum sem henni er ætlað að sinna meðal safnaðanna og samfélagsins alls. Verkin halda áfram með þessu fólki eða öðru fólki. Enda ekki spurning um að endurnýjun á sér stað í röðum kirkjunnar manna en Kristur hinn sami. Um hann, Orð hans, kraftaverk hans, sannleika hans snýst allt heila klabbið. Ekkert annað. Um hann hefur styrinn frá öndverðu staðið. Ekki fólk og þótt menn kannski geri aðsúg að fólki ræðst það samt gegn Kristi. Og hvað sagði Jesú ekki við Sál? „ Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? „ Svárið sem honum barst frá manneskjunnari, sem nú lá á jörðinni eftir að hafa fallið af hestinum, er svohljóðandi. „ Hver ert þú herra, sem ég ofsæki. „ Sál vissi ekki hvað hann gerði og var upptekinn við að snúa menn niður en barðist frá fyrstu tíð við hinn upprisna Drottinn drottna eins og hann sjálfur viðurkenndi síðar er hann hóf samstarf við þessa sömu menn og hann áður lagði allt kapp á að ofsækja og leggja að velli. Þetta er ennþá í gangi.

Já, hví sætir kirkjan ofsóknum? Svárið er Satan og tilvist hans á jörðinni sem í raun og veru gera þessi átök andleg og að þau hafa staðið lengur en frá stofndegi sjálfrar kirkjunnar sem Biblían segir um að hafi verið á Hvítasunnudag og gerst inn í Loftstofu einni. Útilokað var fyrir Drottinn að stofna kirkjuna byggðri á sér sjálfum nema í kraft Andans Heilaga sem fyrst yrði að gera sitt í mannskapnum. Loftstofan var svo notuð með sínum eftirminnilega hætti og er það enn í gildi sem þar gerðist.

Sem sagt! Kristur varð með beinum hætti að getað stjórnað sínu fólki vegna kirkju sinnar og gerir með hjálp Andans Heilaga sem vinnur í dag með sama hætti og lærisveinarnir urðu vitni að og kemur



til að mynda ágætlega fram í ræðu Péturs og djörfunginni sem hann eignaðist með gjöfinni að ofan. Krafturinn er hinn sami. Andinn frá hæðum beintengir kirkjuna við aðilann sem kom og sigraði allt óvinnarins veldi. Og hann eftirlætur engum sigur sinn. Einnig þetta er óbreytt.

Reyndar miðast ofsóknir gegn kirkjuna ekki við stofndag hennar. Þær eiga sér lengri sögu og hófust strax við fæðingu Jesú Krists í gripahúsinu í Betlehem. Ofsóknir gegn Guðsfólki eru jafngamlar mannkynsögunni en breytir ekki hinu að kirkjan kom með Kristi. Skoðum dæmi um þessar ofsóknir:

**Hann sendi þá síðan til Betlehem og sagði: Farið og spyrjið vandlega fyrir um barnið, og er þér finnið það látið mig vita, til þess að ég geti einnig komið og veitt því lotningu.** „ (Matt 2:8) - Svo mælir Heródes. Lygar Satans hér á ferð og markmið annað en þessi maður gefur mönnum sem fengu fyrirmælin í skin. Lotning var ekki inn í þessari áætlun Heródesar heldur annað og verra og er beintengt textanum sem við lesum á eftir og það sem átti að gera við nýfæddan drenginnsem lá í jötunni í gripahúsinu:

**„ Þá sá Heródes, að vitringarnir höfðu gabbað hann, og varð afar reiður, sendi menn og lét myrða öll sveinbörn í Betlehem og nágrenni hennar, tvævetur og yngri, en það svaraði þeim tíma, er hann hafði komist að hjá vitringunum.** „ (Matt 2:16) - Markmið Heródesar var frá fyrstu tíð að koma drengum fyrir kattarnef og að fremja morð, sem hann virtist hafa verið óhræddur við að gera á valdatíma sínum. Enda harðstjóri. Og úr því að hann náði ekki frelsaranum þar greip hann til óyndisúræðna og framdi fjöldamorð á ungabörnum tvævetur og yngri ef vera mætti að þetta eina barn lægi einhverstaðar á meðal vagnu barnanna og grátandi og syrgjandi mæðurnar. Svona vinir vinnur Satan. Hann hræðist ekkert meira í veröldinni heldur en Krist og kirkju hans og segir okkur berum orðum að hlutverkið sé bara eitt. Koma gegn kirkju Drottins og gera með stanslausum og ítrekuðum lygum og fölskum upphrópunum. Allt vel þekkt. Lygar eru hans helsta „ aðalsmerki „ ef aðalsmerki skyldi kalla. Skoðum hvað Kristur hefur um ódáminn að segja:

**„ Þér eigið djöfulinn að föður og viljið gjöra það, sem faðir yðar girnist. Hann var manndrápari frá upphafi og aldrei í sannleikanum, því í honum finnst enginn sannleikur. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu, því hann er lygari og lyginnaðir.** „ (Jóh 8:44) – Jesú talar sjálfur um það sem gerist og hví ítrekað er komið gegn kirkju Krists sem allir eru sammála um, sem vilja unna henni sannmælis, að sé bót hverju samfélagi sem hún er starfrækt í sem í raun ekkert illt er hægt að segja um. Veikleiki innan hennar raða, fólkið, ég og þú, hefur verið ljós frá upphafi en ekki nóg ástæða fyrir Krists til að hætta við allt saman heldur valdi hann að stíga skrefið til fulls og klára verkið og setti með kirkju sinni Heilagan Anda sem tekur sitt sæti í hjarta allra sem kirkjunni tilheyra í sannleika. Andinn frá hæðum þarf að vera með. Hann bíður mönnum starf innan kirkju Krists og gefur mannum mikilvæga trúna og viðheldur. Um þennan veikleika manna vita allir en varð þó ekki til að raska áætlun Krist með kirkjuna né að setja fólk í hin ýmsu verk þar. Enda inn í áætlun Drottins með sína kirkju. Á þetta raunverulega er ráðist í ofsóknum gegn kirkjunni en ekki fólkið sem hvorki er betra né verra en aðrar manneskjur. Alltaf kemur maður í manns stað. Satan er að verki er ofsóknir eiga sér stað og valdið yfir andlegt vald. En Satan beitir fyrir sig fólk til sinna myrkarverka. Munum það.

Þannig vinir er málið í raun og veru vaxið og því rétt fyrir fólk að horfa á málið þessum augumt. Skoðum ritningavers:

**„ Börn mín, það er hin síðasta stund. Þér hafið heyrt að andkristur kemur, og nú eru líka margir andkristar komnir fram. Af því vitum vér, að það er hin síðasta stund. Þeir komu úr vorum hópi, en heyrðu oss ekki til. Ef þeir hefðu heyrt oss til, þá hefðu þeir áfram verið með oss. En þetta varð til þess að augljóst yrði, að enginn þeirra heyrði oss til. En þér hafið smurning frá hinum heilaga og vitið þetta allir. Ég hef ekki skrifað yður vegna þess, að þér þekkið ekki sannleikann, heldur af því að þér þekkið hann og af því að engin lygi getur komið frá sannleikanum.** „ (1Jóh 2:18-21) – Hér sjáum við hverjir þessir menn eru og hvað Jóhannes hefur

um þetta fólk að segja. Og þannig hefur þetta verið frá fyrstu tíð og er um leið þessi endalause hvatning til safnaðarins um að halda í eininguna og varðveita í bandi kærleikans sem oft vil misfarast og er miður. Kærleikurinn í sjálfu sér er gríðarlega öflugt vopn:

**„ Þetta hef ég talað til yðar, svo að þér fallið ekki frá. Þeir munu gjöra yður samkunduræka. Já, sú stund kemur, að hver sem liflætur yður þykist veita Guði þjónustu. Þetta munu þeir gjöra, af því þeir þekkja hvorki föðurinn né mig. Þetta hef ég talað til yðar, til þess að þér minnst þess, að ég sagði yður það, þegar stund þeirra kemur. Ég hef ekki sagt yður þetta frá öndverðu, af því ég var með yður. En nú fer ég til hans, sem sendi mig, og enginn yðar spyr mig: Hvert fer þú? En hryggð hefur fyllt hjarta yðar, af því að ég sagði yður þetta. En ég segi yður sannleikann: Það er yður til góðs, að ég fari burt, því ef ég fer ekki, kemur hjálparinn ekki til yðar. En ef ég fer, sendi ég hann til yðar. Þegar hann kemur, mun hann sanna heiminum, hvað er synd og réttlæti og dómur, syndin er, að þeir trúðu ekki á mig, réttlætið, að ég fer til föðursins, og þér sjáið mig ekki lengur, og dómurinn, að höfðingi þessa heims er dæmdur. „ (Jóh 16:1-11)**

Hlutverk kirkjunnar á öllum tímum er að segja fólki sannleikan um það hvað koma muni og á hvað tímum við lifum og að það fari að stytast í endurkomu Drottins og að allir sem þá verði tilbúnir muni teknir með til fundar við Herra sinn í loftinu en hinir sem ekki eru tilbúnir verði skildir eftir og upplifa þá hörmungarnar sem kemur yfir ríki heims í kjölfar valdatöku antikrists sem breytir vistinni í hreint helvíti. Munum! Menn völdu sjálfir sitt hlutskipti.

Af hverju verða sumir eftir? - gæti einhver spurt. (Hér er verið að tala um fólk sem þekkir sannleikann) Af einni ástæðu gerist það. Þeir trúðu aldrei almennilega boðuninni um til að mynda fundinn við Drottinn í loftinu né hinu að allir hans trúðu, sem tilbúnir væri, færu á þennan mikilvæga og eftirsóknarverða fund. Af þessu sjáum við að engin þarf að verða eftir. Augljóst er að þeir sem verða eftir heyrðu en trúðu ekki því sem þeir heyrðu eða gerðu ekkert með boðskapinn. Bæði af sama meði og heitir öðru nafni Kæruleysi. Vantrú. Hik og efi. Maðurinn þarf trú. Hún hjálpar honum við að velja rétt.

Að velja sjálfur verður aldrei frá mannum tekið. Og hvers vegna ætti Guð að vilja afnema það sem veit að sjálfstætt val aðgreinir mann frá dýri sem líkt og fólk veit gengur samkvæmt eigin eðlishvöt og getur fátt annað. Segir hann líka ekki á einum stað að hann vildi gera mann sjálfum sér líkur? Og er ekki Guð hugsandi og sjálfstæð vera? Sjálfstæður vilji gerir gæfumuinn og menn að því sem Guð vildi sjá og veljandi sjálfir líf eins og þeir í eigin persónu vilja lifa? Meira að segja trúin hefur frá fyrstu tíð verið eigið val fólks og líka Adams og Evu sem gát gert hvaðeina sem hugur þeirra stóð til rétt eins og ég og þú. Guð setti sjálfan sig fyrst í hjarta Adams og svo Evu. Frá fyrstu tíð gátu þau sett þangað inn annað heldur en Guð. Þessi hugsun, og líka geta fólksins, gleymum ekki henni, sést ágætlega við skilningstré góðs og ills er höggormurinn bar fólkinu sinn baneitraða fagurgala sem mannkyn allt hefur æ síðan sopið af seyðið. Baneitraða af þeirri ástæðu að leiða yfir fólkið og afkomendur þess dauða sem engin kemst undan en Jesú snýr upp í líf fyrir alla sem vilja. Aftur kemur að þætti sjálfstæðs vilja. Stórmerkilegur þessi sjálfstæði vilji fólks.

Takið eftir einu, mikilvægt að hugleiða, að þarna, við skilningstré góðs og ills, gerist atburður sem flokka má undir beina fræðslu sem eins og öll önnur fræðsla sem menn fá bætir við þekkingu og sannar einkar vel, oft þá eftir á, að þeir séu færir um að taka við röngum boðskap en meðtaka samt til að byrja með sem sannleika og ákveða út frá honum. Telja sig auðvitað gera rétt. En eins og svo oft áður að þá kom annað á daginn. Ekkert nýtt hér.

Hér erum við komnir að vandamáli sem allt mannkyn glímir við og gengur meira og minna út á og byggir sín samfélög að stórum hluta á. Nýjasta dæmið er sjálft bankahrúnið á Íslandi 2008 sem margir fóru illa út úr. Margt annað væri hægt að nefna sem átt hefur sér stað í þessu ágæta landi sem flokka má undir fræðslu sem ekki byggði á góðum grunni til að byggja hitt, sem átti að koma ofan á,

á. Hvað benda minnkandi fiskistofnar í höfunum á annað en fræðslu sem borin var fram en stóðst ekki nánari skoðun eins og er örsök beinnar veiðistýringar inn á þessi sömu mið líkt og landinn býr nú við og deilir um sín á milli og við önnur ríki sem erfitt hefur reynst að ná samkomulagi við í mörgum málum tengdum sjávarútvegi. Allt vegna rangrar upplýsinga til að byrja með sem menn tóku við sem sannleika en uppskáru svolítið annað af á tíma reynslunar. Og hvað með afkastaaukningu fiskiskipaflotans og stöðugt endurbætt veiðarfæri? Eru menn vissir um að hugsunin sem þar lá til grundvallar hafi í öllum atriðum byggt á traustum forsendum? Um það atriði má efast. Allt afsprengi þekkingar á ekki sérlega traustum grunni.

Sama gerðist í raun og veru með Evu blessunina við téð tré og svo Adam er konan kom og fræddi hann um eigin upplifun og fræðslu og bláeygur karlinn tók við sem sannleika. Allir í dag vita að orð Evu voru ekki sannleikur heldur stærsta lygi lífsins með syndinni sem fylgdi með og svo dauðans í kjölfarið. Biblían kennir að dauði sé bein afleiðing syndar. Þetta er enn óbreitt og synd leiðir til dauða eins og Guð hafði áður sagt blessuðu fólkinu en það tók ekki trúanlegt þegar upp var staðið og tók í kjölfarið ákvörðun byggðri á rangri fræðslu. Satan er sjálf syndin og hvar sem hann ríkir er dauðinn með í för. Málið verður alvarlegra sé það skoðað í því ljósi að maðurinn hefur í sér eilífan part og að ég og þú verðum áfram til sem hugsandi vitsmunaverur rétt eins í dag. Svona segir trúin okkur að hugsa.

Biblían bendir fólki á tvo staði og að bara annar tilheyrir Guðsríkinu. Og hvar er það hinn staðurinn? Um hann er sagt að þar ríki grátur og gnístran tanna og bendir til að ekki sé um beint góðan stað að ræða né eitthvað sem menn ættu að vilja stefna sjálfum sér til, og þurfa þess heldur ekki. Til að svo fari ekki hafa þeir fullan aðgang að sannleikanum og ættu að vilja notfæra sér hann. Spurningin er hvort þeir trú sannleikanum:

**„ En nú gjörðist það, að fátæki maðurinn dó, og báru hann englar í faðm Abrahams. Ríki maðurinn dó líka og var grafinn. Og í helju, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín og sá Abraham í fjarska og Lasarus við brjóst hans. Þá kallaði hann: Faðir Abraham, miskunna þú mér, og send Lasarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því ég kvelst í þessum loga. Abraham sagði: Minnstu þess, barn, að þú hlaust þín gæði, meðan þú lifðir, og Lasarus böl á sama hátt. Nú er hann hér huggaður, en þú kvelst. „ (Lúk 16:22-25) - Hér er vísað til staðarins sem bíður vantrúarinnar og hinna sem aldrei vildu hlusta. Veljum staðin sem við verðum hugguð á og fræðumst þeirri fræðslu sem segir okkur frá þessu og trúum og höfnum lygum og fræðslu djöfulsins sem veit á hvað leið hann sjálfur er og hefur sett sér það markmið að draga með sér eins margt fólk og frekast sé kostur.**

Við vitum margt. Vitum að menn geta frætt sig á öðru fræðsluefni en því sem er merkt sannleika og visku. Þetta hefur lífið sjálft kennt fólki og gert margsinnis. Vitum að uggi menn ekki að sér gæti svo farið að þeir tryðu lyginni og hafnað sannleikanum og farið sinn veg. Verum fólkið sem notar sannleikan og látum hann leiða oss til friðsældar og huggunar. Látum lífið snúast um þetta atriði og vitum að þegar upp er staðið þá vildum við alltaf vera þar sem sannleikurinn er framborin. Lygin byggir heldur engan upp. Getur hún það enda ekki. Látum ekki vantrú né spillt hjarta afveigaleiða okkur svo að við stefnum voru lífi í slíkan háska að við förum á þann stað þar sem við þráum það eitt að einhver komi til okkar og væti ögn tunguna vatni sem engin mun þó verða við á þessum stað. Allir sem þar eru búa nefnilega við sömu kvöl og ekkert annað að hafa nema sársauka og eftirsjá yfir því að hafa ekki valið rétt og sagt já við Jesú er boðið kom. Hörmulegt staða sem engin mannvera þarf að hafna á. Þetta líf sem lifum hér á jörðinni er tækifæri okkar til að velja Krist.

Í Kristi munum við uppskera hið góða, fagra og fullkomna. Þetta sjáum við einkar vel varðandi Lasarus sem Orðið segir um að hafi liðið kvöl í þessu lífi en uppskorið í hinu komandi huggun og friðsæld í faðmi Abrahams. Og er auðvitað bara mynd upp á gríðarlega fegurð. Verum þetta fólk og gerum eins og Lasarus sem valdi góða hlutskiptið og uppskar samkvæmt vali sínu í því sem kom. Allir munum við hverfa af þessari jörð og engin okkur sleppa við gröfina. Ekki láta Guð gefa okkur

þau um mæli að taka engri hirtingu né hlusta á nein aðvörunarorð sem Drottinn sendir okkur. Verum heldur merkt hyggindum og höfum eyru sem heyra:

**„ Og þótt þú talir öll þessi orð til þeirra, munu þeir ekki hlýða á þig, og þótt þú kallir til þeirra, munu þeir ekki svara þér. Seg því við þá: Þetta er þjóðin, sem eigi hlýðir raustu Drottins, Guðs síns, og engri umvöndun tekur. Horfin er trúfestin, já, upprætt úr munni þeirra. „ (Jer 7:27-28)**  
- Ítrekað sendi Guð spámann sinn Jeremía með boðskap til fólks þótt ekki vildi það hlusta og hélt bara áfram uppteknum hætti, sem var að kom gegn Guðs vilja og áætlunum hans. Og hver var uppskera þessara ágætu en þó þrjósकुfullu manna og kannski líka heimsku? Herleiðing til Babylon og eyðing Jerúsalemborgar, muni höfundur þetta rétt. Guð er hinn sami með mikið langlundargeð en samt ekki óþrjótandi. Hann bíður eftir iðrun frami fyrir sér til að fá líknað en breytir samt ekki því að réttlæti hans nær fram að ganga. Og þessu trúum við og tölum oft um réttlæti Guðs. Af hverju erum við þá að hafa áhyggjur og streða í eigin mætt og koma gegn vilja Guðs? Trúum bara og höldum áfram góða verkinu sem við erum kölluð til að vinna og sinnum verkunum heilshugar og eins og vera ber. Guð sér um rest og kemur réttlæti sínu á og til þess þarf hann enga hjálp frá mér aðra en trúna, bænina og hlýðni við vilja sinn. Menn snúi af braut uppreisnar og til lifandi Guðs sem tekur fagnandi hverjum iðrandi manni.

Skoðum önnur Orð í Lúkasarguðspjalli:

**„ En hann sagði: Þá bið ég þig, faðir, að þú sendir hann í hús föður míns, en ég á fimm bræður, til þess að vara þá við, svo þeir komi ekki líka í þennan kvalastað. En Abraham segir: Þeir hafa Móse og spámennina, hlýði þeir þeim. Hinn svaraði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dauðu, mundu þeir gjöra iðrun. En Abraham sagði við hann: Ef þeir hlýða ekki Móse og spámönnum, láta þeir ekki heldur sannfærast, þótt einhver rísi upp frá dauðum. „vv(Lúk 16:27-31)**

Að hafna Guðssyninum er grafalvarlegt mál sem og að koma gegn Jesú. Samt er ekkert lát á mönnum sem slíkt aðhafast. Trúið því kærur vinir að Satan stekkur á allar svona uppreisnir manna og bætir olíu á eldinn og notfærir sér ástandið og viðheldur. Uppreisn gegn kirkju Drottins Jesú er alltaf af andlegum toga og hættir raunar ekki til fulls fyrr heldur en við endurkomu Jesú í skýjum himins er hann færir allt í gott lag eftir að hafa tekið ófriðarvaldinn og bundið hann fjötrum og varpað í svarthol í eitt þúsund ár. Í þúsund ár verður hér friðarríki sem engin vinnur öðrum mein í. Þetta er það sem bíður og sjálfstæða valið þitt getur komið þér sjálfum á. Ef þú bara villt.

Við tréð öðluðust Adam og Eva aukna þekkingu. Á því leikur engin vafi. Það hins vegar sem þau vissu ekki þá en komust auðvitað að raun um síðar, var hversu ægileg og skaðleg þessi þekking þeirra var fyrir þau og fjandsamleg heiminum sem þau þekktu í Guðsríkinu. Það hefur verið sjokk að komast að því að það sem þau nú vissu væri beintengd illu afli. En uppgötvunin kom of seint og skaðinn þegar skeður. Tvær hrekklousar og saklausar mannveru vöknuðu upp við vondan draum. Ægilegan draum reyndar. Og er þetta ekki stundum svona hjá okkur sjálfum að við vöknum upp við vondan draum eftir að hafa hafnað herskyns aðvörunarorðum en talið okkur gera rétt og haldið okkur áfram við steðjann okkar en árangur samt engin?

Valið, takið eftir! - fyrir tíma skilningstrésins, skilningstréð og ákvörðunin þar er mynd upp á viss kaflaskil, var þeim ekki erfitt. Adam og Eva þekktu ekkert í fyrstu nema það sem var gott. Og er það ekki sannleikur málsins? Með Guði sínum, skapara himins og jarðar, gekk Adam í kvöldsvalanum eins og Orðið greinir frá, og svo Eva, eftir að hún kom til sögunnar. Þetta frjálsa val mannsins og í raun og veru áhættan af þessari miklu gjöf til mannsins fyrir Guð viðurkennir Hann hér. Syndafallið er orðið staðreynd og komið á spjöld sögunnar og nýrri áætlun Guðs hleypt af stokkunum:

**„ Drottinn Guð sagði: Sjá, maðurinn er orðinn sem einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega!**

**Pá lét Drottinn Guð hann í burt fara úr aldingarðinum Eden til að yrkja jörðina, sem hann var tekinn af. Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð og loga hins sveipanda sverðs til að geyma vegarins að lífsins tré. „ (1Mós 3:22-24) – Skírt kemur fram að það sem gerðist við tréð, eftir að fólkið fór í ríkara mæli að sækja í orðin frá höggorminum, að smá saman kom inn aukin þekking þessara einstaklinga sem ekki var til staðar hjá þeim áður. Það er þekkingin sem dró manneskjurnar að sinni háskalegu niðurstöðu og þau, haldin sinni uppljómun, ef svo má segja, komu ekki auga á þá en upplaukst vitaskuld síðar er búið var að reka þau út úr Eden, þessum sælu- og alsnægtareit sem þau áður lifðu í. Reikna má með að með hin sveipandi sverð að baki sér hafi ýmislegt flogið í gegnum hugann og ekki allt mjög þægilegt. En úr þessu varð ekki aftur snúið og sælureiturinn ekki lengur það sem þeim stóð til boða. Svona getur farið uggi menn ekki að sér og læra að stíga varlega til jarðar. Og lífið varð erfitt, þungt, oft þreytt, oft dapurt, oft merkt svita og streði og annað í þeim dúr. Umbreytingin sem á fólkinu varð eftir syndafallið kemur líka fram í ritningaversinu þegar Guð kom til að eiga vanalegt samfélag við sitt fólk en þarf núna að skima sjálfur eftir því og að endingu hrópa: „ **Adam hvar ertu!** „ – eins og frægt er orðið. Munum að fræðsla getur verið eitt og góð fræðsla, sönn og rétt fræðsla, annað. „ Í hverskonar fræðslu sækjum við fyrir okkur sjálf? „ - er spurning sem hollt væri að spyrja sig oftar að heldur en sjaldnar. Önnur spurning gæti líka verið holl. Þessi:**

„ Í hvaða fari viljum við að líf okkar sé? Val vinir. Endalaust val. Daglegt val sem engin maður sleppur undan allt sitt líf. Á tíma valsins stendur maðurinn alein/n en þarf samt að velja.

Syndin kom og breytti allri áætlun Guðs og ástæðan fyrir að Kristur kom og stofnsetti kirkjuna. Syndin aðskilur menn frá Guði en fyrirgefningin tekur hann aftur í sátt og trúin sem menn læra að varðveita í sínu hjarta og ganga út á fleytir þeim yfir og alla leið til staðarins sem huggunin býr á og bíður eftir að þeir komi og þiggi. Er svona trú ekki bara góð trú og gefur hún mönnum ekki aukna von í vonleysi og huggun er enga huggun er neins staðar að hafa né fá? Þótt gangan sú arna sé stundum þyrnum stráð má það samt ekki vera svo mikill hindrun að menn gefist upp. Of mikið er í húfi til að menn megi né heldur geti leyft sér slíkt. Fyrirheitið um að ganga inn til hvíldar hans stendur enn. Þiggjum boðið'. Þau gerast ekki betri.

## Er sagan endalaus?

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

Sagan endalaus er sanna sagan um lífið, sagan um tilveruna, sagan um glímu mannsins við sjálfan sig, umhverfi sitt, vinnustað sinn, fólkið í kringum sig, vonbrigðin samanvið og innaum eitt og annað sem manninum mætir. Flóran sú arna er fjölskrúðug. Verður víst ekki annað sagt og gætu flestir tekið undir það. Öllu fólki mætir sitthvað í lífinu og sumt óþægilegt viðureignar en annað gott, ljúft og notalegt.

Eitt en. Sagan endalaus er einnig um samskipti manns við Jesú og sannleikann að eitt sinn skuli hver maður deyja og eftir það taka út sinn dóm. Og til að forðast dóminn er um að gera að sættast við dómarrann og játast honum sem dómarrinn tekur fullt tillit til og sýknar fylgjendurna af þeirri ástæðu að þeir sögðu " Já, honum vil ég fylgja. „ Átt við Jesú. Sanngjarnt. Nei, en það sem fagnaðarerindið boðar.

Að þeirri stund kemur að dæmt verði og þá er vissara fyrir einstaklinginn að hafa áður ráðstafað anda sínum rétt til að hann nái þangað sem Jesú er og Biblían segir um að tilheyri Ríkinu sem Faðirinn stjórnir og sé eilíft Ríki á himnum. Mannlegir sýknudómar í málum dugar engum er kemur að þeirri afdrifaríku stund, dómstóli Drottins, heldu verður sá einn hólpinn sem áður hefur sagt " Já, ég fylgi Drottni " og Jesú staðfestir orðin. Sá einn gengur sigri hrósandi framhjá ægilegum dómstólum og fer til liðs við Drottins sem stendur hægra megin og gengur þaðan með honum til ríkisins sem stefnt var að og trúin talaði svo oft um við sinn trúaða. Það er á þessum stað sem sannleikurinn rennur endanlega upp fyrir fylgjendum Jesú og umbreytist hjá þeim í áþreifanlegan veruleika. Nú efast efast engin lengur um að hafa valið rétt. Þarna þarf ekki lengur neina trú. Og liðið stormar hvítklætt og skínandi inn í dýrðina á meðan hinir sem aldrei vildu neitt með frelsarann hafa fara í gagnstæða átt:

„ Þér segið: Það er til einskis að þjóna Guði, eða hvaða ávinning höfum vér af því haft, að vér varðveittum boðorð hans og gengum í sorgarbúningi fyrir augliti Drottins allsherjar? Fyrir því teljum vér nú hina hrokafullu sæla. Þeir þrífust eigi aðeins vel, þá er þeir höfðu guðleysi í frammi, heldur freistuðu þeir og Guðs, og sluppu óhængdir. Þá mæltu þeir

hver við annan, sem óttast Drottin, og Drottinn gaf gætur að því og heyrði það, og frammi fyrir augliti hans var rituð minnisbók fyrir þá, sem óttast Drottin og virða hans nafn. Þeir skulu vera mín eign segir Drottinn allsherjar á þeim degi, sem ég hefst handa, og ég mun vægja þeim, eins og maður vægir syni sínum, sem þjónar honum. **Þá munuð þér aftur sjá þann mismun, sem er á milli réttláts manns og óguðlegs, á milli þess, sem Guði þjónar, og hins, sem ekki þjónar honum.** „ (Mal 3:14-18) – þarna gæti Orðið verið að fjalla um endatímanna er allt er gert upp og búið að dæma einn og sérhvern eftir verkunum sem hann vann í lífinu og sumir komnir til hægri og aðrir vinstri. Vel má ímynda sér að fólk til hægri horfi öðrum augum á val sitt þá en oft var á meðan strögglið við trúna stóð og kveikti því endalausan efa í hjartanu. En það hélt áfram og sigraði. Þeir til hægri fara nefnilega inn til sinnar hvíldar samkvæmt Orðinu. Báðir sáðu og uppskáru af því sem þeir sáðu en ávextirnir dálítið ólíkir.

Sannleikurinn um val manna og afdrif eftir síðasta andvarp fær eftl vilja fólks til að stunda trúboð og vekja af værum blundi. Trúin segir: " Lífið er alvörumál: "

„ Já, vér erum hughraustir og langar öllu fremur til að hverfa burt úr líkamanum og vera heima hjá Drottni. Þess vegna kostum vér kapps um, hvort sem vér erum heima eða að heiman, að vera honum þóknalegir. **Því að öllum oss ber að birtast fyrir dómstóli Krists, til þess að sérhver fái það endurgoldið, sem hann hefur aðhafst í líkamanum, hvort sem það er gott eða illt. Með því að vér nú vitum, hvað það er að óttast Drottin, leitumst vér við að sannfæra menn. En Guði erum vér kunnir orðnir, já, ég vona, að vér séum einnig kunnir orðnir yður í hjörtum yðar.** „ (2Kor 5:8-11) – hér örlar á örlfílli þreytu hjá Páli, ritara Korintubrúfins, með orðunum um að hann langi til að hverfa burt úr líkamanum og vera hjá Drottni en brýnir svo sjálfan sig, og með sér bæði mig og þig, að hann kappkosti að vera honum, Kristi, velþóknalegur tímann sinn á jörðinni. Stórmannlega mælt hjá Páli og honum líkt sem orðið skilur hlutverk sitt og mikilvægi þess að Orðið um frelsisverk Jesú á krossinum berist sem flestum. Páll skilur að hann sé Kristi gagnlegur í þjónustu og að erfiði hans sé ekki til einskis. Mikilvægt er að sama hugarfar ríki hjá okkur sem nú erum uppi. Hafi Jesú lyft Grettistaki fyrir hendur og munn Páls mun hann líka lyfta sama Grettistaki fyrir mínar og þínar hendur og munn. Kristur er hinn sami þótt langur tími sé liðin frá veru Páls og hann löngu farinn sinn veg. Menn koma og menn fara en ritun sögunnar endalaus heldur áfram og hættir ekki fyrr heldur en Kristur kemur til baka og stofnar hér þúsund ára ríkið sem við öll ættum að vilja tilheyra. Of mikið er í húfi. En menn velji sjálfir.

Sagan endalæsa segir sögu trúar og trausts manna á honum sem er trúin, Jesú. Trúin trúir. Já, ágætu vinir! Trúin trúir. En trúir þú? Trúir ég? Nú vilt þú segja að kirkjunnar menn hafi ekki staðið sig neitt sérstaklega vel og kastar fram sannri sögu máli þínu til stuðnings. Þá skal þess getið að afstaða þín til málsins breytir ekki spurningunni sem enn er hin sama. Þessi: „ Trúir þú? „ Þú getur eignast þína eigin trú og orðið partur af sögunni endalæsu og kafla hennar um Krist og hans fólk því sömu átök halda áfram og gekk og gerðist með þessari kynslóð og kynslóðinni á undan henni og svo framvegis. Heimurinn bara er eins hann er og ekkert í sjálfu sér við því að segja. Hann breytist ekkert og getur heldur ekki breyst og er fullur af afvegaleiðendum, freisturum og freistingum sem margir falla fyrir og því miður stundum kirkjunnar fólk. Heimurinn mun áfram sýna af sér ómæld átök, ómælt blóð sem rennur stríðum straumum og sumir kirkjunnar menn áfram missa fótanna og verða settir við hlið hinna sem eins er ástatt um sem svo sagan endalæsa skráir. Ekkert af þessu breytir Kristi. Hann verður áfram hin sami og spyr þig áfram hvort þú trúir á Mannssoninn. Jesú ber enga ábyrgð á hrösunum manna en reisir þá sjálfur upp sjái hann iðrun. Svona er Jesú:

„ Og enn fremur, sonur minn, þýðstu viðvaranir. Að taka saman margar bækur, á því er enginn endir, og mikil bókið þreytir líkamann. Vér skulum hlýða á niðurlagsorðið í því öllu: **Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra. Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt.** „ (Préd 12:12-14)

Hlutverk Jesú er sem sagt, að reisa við hvern þann sem ætlar að hníga og forða honum frá því glapræði að hafna himnaríki Guðs og eigin eilífa lífi. Allt þetta hatur sem nú er í heiminum að það heldur áfram og stig magnast af minnkandi kærleika manna, takið eftir því, minnkandi kærleika allra manna sem margt slæmt mun af hljóttast. Eins og vaxandi lögleysi sem er fæða fyrir ófremdarástand í ríkjum. Upp á þetta horfum við þegar í nokkrum mæli í heimskerfi sem sífellt meira nálgast brimgarðinn en telur allt vera í stakasta lagi. Æ fleiri hníga og vilja gefast upp og sagan endalæsa heldur áfram að skrást með svipuðum hætti og fyrr. Miskunn er ekki í hávegum höfð og það litla sem til er af henni á hröðum flótta. Ekki er það fyrr heldur en á hinum vængnum sem annan tónn kveður við í lífi einstaklings sem er um það bil að hníga vegna kærleiksleysis. Á þeim væng, Jesú megin, mun hann finna kærleika, frið, sáttfýsi, framrétta hönd til sáttar og annað notalegt og gott. Hvort umhverfið skildi nú vera mannvænna að lifa við? Svárið liggur í augum upp og er augljóst. Sá sem stígur fram og reisir upp er eftirsóknarverðari. Og hvern getum við þá bent á annan en Jesú? Enda ekki til.

Jesú gengur sjálfur fyrir hinu góða og kemur því til vegar á meðal sinna. Og Jesú gerir meira. Hann kemur og togar menn fram og setur þá í verk sem vinna með honum og við hlið sér og allt á hárréttum tímapunkti sem hann áður var búin að undirbúa og setja af sér sjálfum. Og honum tókst verkið og maðurinn steig fram þó verulega hafi hrikti í um stundarsakir og honum mætt ósköpin öll af mótbárum og afsökunum.

Sjá má að ekkert sé nýtt undir sólinni og hvaðeina sem menn rata í á sínum lífsferli hafa kynslóðirnar á undan þessari gengið í gegnum og með líklega nákvæmleg sama hætti. Þetta fær uppörvað og hvatt margan manninn því stundum er gott til þess að hugsa að vera ekki einn og styrkur í að vita um menn með áþekka reynslu - og - komust í gegn. Heimurinn sem sagt endaði ekki með þessari eða hinni glímumni sem menn lentu í og urðu af reynslunni ríkari og eftireiðis færra sem kemur þeim á óvart og er

partur af sögunni endalaus sem ég og þú erum persónur í. Að vísu lítilsigldar persónur en hafandi samt agnarlítið hlutverk mitt í allri þvögunni:

„ Á miðnætti, þegar vér höfðum hrakist um Adríahaf í hálfan mánuð, þóttust skipverjar verða þess varir, að land væri í nánd. Þeir vörpuðu grunnsökku, og reyndist dýpið tuttugu faðmar. Aftur vörpuðu þeir grunnsökku litlu síðar, og reyndist dýpið þá fimmtán faðmar. Þeir óttuðust, að oss kynni að bera upp í kletta, og köstuðu því fjórum akkerum úr skutnum og þráðu nú mest, að dagur rynni. En hásetarnir reyndu að strjúka úr skipinu. Þeir settu bátinn útbyrðis og þóttust vera að færa út akkeri úr framstafni. Þá sagði Páll við hundraðshöfðingjann og hermennina: Ef þessir menn eru ekki kyrrir í skipinu, getið þér ekki bjargast. Hermennirnir hjuggu þá festar bátsins og létu hann fara. Undir dögum hvatti Páll alla að neyta matar og sagði: Þér hafið nú þraukað hálfan mánuð fastandi og engu nærst. Það er nú mitt ráð, að þér fáið vður mat. Þess þurfið þér, ef þér ætlið að bjargast. En enginn vðar mun einu hári týna af höfði sér. „ (Post 27:27-34) – mitt í örvæntingunni um borð í skipinu steig Páll fram með hvatningu sem hleypti lífinu aftur að í brjósti allra þessara vondaufu manna. Og fór svo að lokum að allir skipverjar komust heilir í land, eins og Páll var búin að segja þeim. Orðið, vinir, er áreiðanlegt. Líka á okkar tímum. Svona er sagan endalaus líka skráð og vitnisburðurinn staðfestir aftur og ítrekað.

Vart er til manneskja sem ekki vill gera það gott í lífinu og að komast vel frá sínu og búa sjálfum sér og sínum til gott og notalegt umhverfi. Sumir menn vita hvernig þetta skal gert og fá Jesú til liðs við sig sem tekur á verki með þeim og gefur öll nauðsýnleg ráð. Við það þá hætta hendur mannsins að vinna í götótta pyngju og honum helst vel á fé. Ástæðan er að blessun fylgir manneskju sem gerir Jesú að Herra sínum. Vitnisburðurinn er staðfestingin og suma af þeim þegar búið að færa í letur og eru aðgengilegir hverjum sem lesa vill. Engin velkist í vafa um að kirkjan sé annað en full af vitnisburðum síns fólks um dásendarverk Jesú í lífi þess og hafa sumar gefið út vitnisburði meðlima sinna sem í dag er gerlegt með ýmsu móti og ekki bara í formi prentaðs blaðs og bæklinga. Netíð er mörgum vettvangur að þessu leiti, cd diskar og ýmsar aðrar leiðir sem vinna ágætlega með gamla góðu prenttækninni, hinni klassísku aðferð og enn nýtur vinsælda kirkjugesta. Enda þægilegt form og fer vel í vasa. Þó má benda að kirkjan mætti sinna þessum þáttum betur en hún máski gerir og snúa sér í ríkara mæli að öflun vitnisburða á meðal sinna. Allir eiga til sína persónulegu sögu sem full ástæða sé til að segja. Þarna mun hvatning til safnaðarins hreyfa við mörgum sem við hana stíga fram. Til margs er að vinna.

Allt ber að sama brunni og þótt vitnisburðirnir séu misjafnir, þó ekki að gæðum, er eitt sammerkt með þeim öllum. Allir gera þeir Jesú hátt undir höfði og viðurkenna verk hans í kraftaverkinu og eins og fólkið upplifði atburðinn. Ástæða þess er einföld. Jesú er andi sem maðurinn skynjar í eigin anda og af eigin trú. Allt sem þar fer fram er ósýnilegt öðrum en lifandi honum eða henni sem í lenti. Vitnisburðurinn opinberast ekki öðrum fyrir heldur en manneskjan sjálf opnar munn sinn og talar hann út hvort heldur atburðurinn gerðist fyrir skömmu eða löngu. Sem skiptir ekki máli. Tími er fyrir allt. En þá, það er, eftir að búið er að flytja hann, umbreytist atburðurinn í þarft verk og blessandi verk og staðreynd. Og vitnisburðurinn gerir meira heldur en þetta. Hann segir við áheyrendur að Jesú lifi því að fólkið sem steig fram og talaði er samtímafólk mitt og þitt. Af þessu sjáum við hversu merkilegur og nauðsýnlegur vitnisburðurinn er söfnuðunum og trúarlífi fólks almennt. Hann vitaskuld er enn ein staðfestingin um áreiðanleika Biblíunnar sem talar sannleika um það mikilvæga atriði hvernig trúin fær lifað í hjarta manneskju. En þó ekki nema frásagan sé gerð heyranleg öðru fólki. Þá fyrst fá aðrir tekið undir. Sjálfir eiga þeir til sinn eigin vitnisburð sem einnig gerir Jesú hátt undir höfði. Menn horfa einfaldlega til eigin reynslu að þessu leiti. Ekki er þó sjálfgefið að menn trúir og styttra í vantrúna en margur hyggur. Allt svoleiðis þarf að víkja í fari manna og tilkomið af hörðu hjarta. Mjúkt hjarta er betra. Drottinn er ekkert um megn.

Aftur sjáum við hve reynsla fólks getur verið mikilvæg öðrum og trúnni hjálpleg. Mikilvægt er að treysta öðru fólki til að segja satt og rétt frá jafnvel ótrúlegustu upplifun með Jesú og muni að hann sé engum líkur. Að bara trúa og gleðjast með þessu fólki hvetur aðra til að stíga fram. Stærsta hindrun vitnisburðarins er óttinn við hvernig aðrir bregðist við. Og hverjir eru þessir „ aðrir „ nema fólkið sem mætir á samkomurnar og tilheyrir söfnuðinum? Kalli persónuleg reynsla fólks af Jesú fram skritin svip á andlitunum í sal benda viðbrögðin til vantrúar og efa, sem svo stutt er í. Engin stígur fram nema að hafa til mála að leggja og hafi lært að treysta honum sem ER og veit að gerir ótrúlegustu hluti. Og upplifunin umbreytist í eigin vitnisburð sem engin deilir við. Enda sannur.

Vitnisburðurinn gengur vart í fólk á hinum vængnum, heiminum, af augljósum ástæðum. Enda óhægt um vik fyrir Krist og vitnisburðinn að planta sér meðal fólks sem hvort eð er vill ekkert með frelsara mannanna hafa. Á þeim bæ er grúi dökkra skugga, hellingur af vonleysi, mikið af depurð og allskonar öðrum draugum sem menn kalla yfir sig, oft með verkum sínum, og velkjast svo um í dægrið löng án þess að skilja hví svo sé komið.

Já vinir! Enn er verið að skrá söguna endalaus og enn er hún skrifuð með svipuðu sniði, svipaðri reynslu fólks, svipaðri tilfinningaflöru, svipuðum viðbrögðum manna við áreiti og viðgengist hefur frá upphafi. Sagan endalaus heldur sem sjá má áfram og kynslóðin sem nú er að fæðast verður með í henni eftir að hún er kominn til vits og ára og tekin við keflinu af þeim sem nú halda á því og eiga sinn kafla í sögunni sem engan endir hefur. Jú, Kristur stöðvar skráninguna og tekur skriffærin af núverandi skrifara og hefst handa við skráningu nýrrar sögu og allt öðruvísi sögu sem þú, sem honum tilheyrir í dag og varst með allt til enda, verður í og með hlutverk. Spennandi tímar framundan og full ástæða til að hvetja menn og konur til að þrauka og taka einn dag í einu.

„ En sá tími, er hann ríkti yfir Ísrael, var fjörutíu ár. Í Hebron ríkti hann sjö ár, en í Jerúsalem ríkti hann þrjátíu og þrjú. Dó hann í góðri elli, saddur lífdaga, auðæfa og sæmdar, og tók Salómon sonur hans ríki eftir hann. En saga Davíðs

**konungs frá upphafi til enda er skráð í Sögu Samúels sjáanda, svo og í Sögu Natans spámanns og í Sögu Gaðs sjáanda. Þar er og sagt frá öllum konungdómi hans og hreystiverkum svo og atburðum þeim, er fyrir hann komu og fyrir Ísrael og öll ríki landanna. „ (1Kron 29:27-30)**

Heyrum trúarstýrkjandi vitnisburð og endum samantektina:

## „ Regnið sem Drottinn gaf

Vitnisburður Konráðs Rúnars Friðfinnssonar

Mig langar til að fá að segja ykkur vitnisburð um dýrð Drottins og hve hann er fús til að svara bænum fólks. Jafnvel bænum sem sagðar eru í allt að því í gríni, líkt og gerðist í tilvikinu sem hér skal greint frá.

Árið 1990 var ég beðin um að klára timburhús að utan sem aldrei hafði verið lokið við. Eigandanum vantaði laghentan mann, eins og hann orðaði þetta sjálfur, til að fullna verkið. Eftir dálitla umhugsun ákvað ég að slá til.

Mitt fyrsta verk var að fara á hnén og biðja Jesú Krist um handleiðslu og fulla leiðsögn inn í málið. Sannleikurinn er að lítt þekkti ég til á sviði húsbygginga. Eitt átti ég til. Trú á Drottinn. Í júlí sama ár hófst verkið. Ýmislegt var úr lagi gengið í húsinu og þurftu að skipta út gluggum og timbri í útveggjum sem orðið var fúíð. Allt skiljanlegt með hús án umhírðu til margra ára.

Með hjálp bænar miðaði verkinu og voru menn sáttir við allt handbragð og frágang og töldu sumir að um lærðan smið væri að ræða. Sem var alrangt og í raun skelfileg tilhugsun. Ég gat að vísu rekið nagla í spýtu en þekking mín í þessa átt náði ekki lengra. Verkfærasafnið bar smiðnum ekki sitt vitni og samanstöð í grunnin af handsög, litlu og lélegu spörjárn, ágætum hamri og rafmagnsborvél, vasahníf og nokkrum skrúfjárnnum. Kúbein var þarna með.

Að kveldi hvers dags hafði ég ekki hugmynd um hvernig ég ætti að leysa verkefni næsta dags. Vissi þó nógu mikið til að vita að vinnan leystist farsælega eins og fyrri daginn. Jesú hefur ráð undir rífi hverju. Spýtu fyrir spýtu, nagla fyrir nagla, skrúfu fyrir skrúfu - og mikið af bæn. Þannig gekk þetta í grunninn fyrir sig frá degi til dags.

Undir lok verksins kom að þeim hluta að hengja upp þakrennur. Þær lágu klárar við húsvegginn og biðu eftir að fá skilað sínu hlutverki. Enn bað ég um visku og þekkingu og hvernig ég ætti að bera mig að við vinnuna. Að kveldi sama dags komst síðasta rennan á sinn stað. En var örugglega réttur halli á þeim til að vatnið skilaði sér í niðurföllin? Um það gat ég ekki vitað. Himininn heiðskýr og vart komið regndropi úr lofti allan júlímánuð og fátt til ráða nema biða - - biðja - - og sjá til.

Þegar inn kom, og ég svona og þvo mér og gera mig kláran fyrir matinn, hugsaði ég með sjálfum mér að nú væri gaman að fá smá regn og reyna hvort rennurnar virkuðu ekki rétt. Munið! Ég hugsaði þetta með mér sjálfum og meira svona í gríni en alvöru. Vart hafði ég sleppt mínum hugsunum en það gerir þessa líka hellidambu. Eins og hellt væri úr fötu með hagléljum sem buldi á bárujárnsklæddu þakinu að söng í. Sem vonlegt var varð ég glaður og hljóp út og fór hringinn í kringum húsið og varð ennþá glaðari er ég sá að vatnið skilaði sér allt niður píburnar hratt og án hnökra og eðlilega. Regnið, hellidemban, sem er rétta orðið, stóð í um fimm mínútur og hætti jafn skyndilega og það hófst og sól skein aftur í heiði. Eina sem sast á himni var smá skýhnoðri sem allt þetta vatn lak úr.

Ágæta fólk! Við eigum Drottinn sem heyrir ekki bara orðin heldur líka hugsanir. Þær nægja honum til bænheyrslu. Því miður mann ég ekki daginn en klukkan var rúmlega 19,00. Myndi ég hann gæti Veðrustofa Íslands staðfest ofankomuna, og margir aðrir líka. Skammt frá var haldið fjölmennt mót og varð fólkíð vitaskuld vitni að þessum atburði þótt eflaust hafi það ekki sett vatnsveðrið í samband við bænasvar mitt. Í mínum huga var enginn efi. Jesú Kristur, frelsari manna, vildi gleðja þjón sinn. Og munið einnig! Drottinn var yfirsmiður verksins og aðilinn sem gaf öll fyrirmælin um hvernig verkið skyldi unnið frá degi til dags. Eina sem ég raunverulega gerði var að framkvæma hans ráð.

Ég kalla Jesú Krist mér til vitnis um að vitnisburðurinn er sannur og átti sér stað nákvæmlega eins og hér er tíundað. Drottinn Jesú er raunveruleiki og lifir í dag og staðfestir sjálfan sig hjá mannum. Jesú veit hvað hann veit og getur og vill framkvæma verkin með sínu fólk nú og ævinlega.

Gert í júlí 2000.